

ÓHÁÐ FRÉTTABLAÐ Á VESTFJÖRÐUM

Bæjarins besta

Fimmtudagur 22. maí 1997 • 20. tbl. • 14. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: hprent@snerpa.is • Verð kr. 170 m/vsk

Könnun Dags-Tímans á launum bæjarstjóra

Kristján Þór hæst launaðasti bæjarstjóri landsins

Kristján Þór Júlíusson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, er hæst launaðasti bæjarstjóri landsins, samkvæmt könnun sem dagblaðið Dagur-Tíminn gerði og birt var á föstudag. Samkvæmt upplýsingum Dags-Tímans, eru grunnlaun Kristjáns Þórs 275 þúsund krónur á mánuði. Því til viðbótar fær hann greiddar 257 þúsund krónur fyrir yfirvinnu og 30 þúsund krónur í bílastyrk, eða heildarlaun upp á 562 þúsund krónur á mánuði. Þá fær Kristján Þór afnotagjald síma greitt auk 16

þúsund umframskrefa á ári, en hann fær ekki greitt sérstaklega fyrir nefndarsetu líkt og fjólmargir kollegar hans.

Samkvæmt upplýsingum Dags-Tímans eru heildarlaun Ólafs Kristjánssonar, bæjarstjóra í Bolungarvík, 348 þúsund krónur á mánuði að bílastyrk meðtöldum en hann fær auk þess greiddar átta þúsund krónur á mánuði í símakostnað. Þeir bæjarstjórar sem koma næst Kristjáni Þór í launum eru bæjarstjórinn á Selfossi, sem er með 519 þúsund króna

mánaðarlaun, bæjarstjórinn í Mosfellsbæ, sem er með 448 þúsund krónur á mánuði, bæjarstjórinn á Akranesi sem er með 440 þúsund á mánuði og bæjarstjórinn á Akureyri, sem er með 415 þúsund á mánuði.

Bæjarstjórinn í Vestmannaeyjum hefur 331 þúsund krónur á mánuði að meðtöldum bílastyrk, bæjarstjórinn í Neskaupstað hefur 379 þúsund á mánuði, bæjarstjórinn á Dalvík hefur 394 þúsund, bæjarstjórinn í Snæfellsbæ hefur 378 þúsund, bæjarstjórinn á Seltjarnarnesi

hefur 390 þúsund, bæjarstjórinn í Reykjanesbæ hefur 362 þúsund, bæjarstjórinn í Kópavogi hefur 357 þúsund, bæjarstjórinn í Hafnarfirði hefur 318 þúsund og borgarstjórinn í Reykjavík hefur 385 þúsund krónur á mánuði auk embættisbifreiðar og greidds símakostnaðar. Lægst launaðasti bæjarstjóri landsins samkvæmt könnun Dags-Tímans, er bæjarstjórinn á Blönduósi, sem hefur 284 þúsund krónur á mánuði að meðtöldum bílastyrk.



Kristján Þór Júlíusson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, er hæst launaðasti bæjarstjóri landsins samkvæmt könnun Dags-Tímans.



20 ára fermingarsystkini hittast

Undanfarnar helgar hafa hópar fermingarsystkina og gagnfræðinga hist á Ísafirði til að minnast liðinna tíma. Um síðustu helgi voru nokkrir hópar samankomnir í bænum, þar á meðal hópur fermingarsystkina sem fermd voru í Ísafjarðarkirkju fyrir tuttugu árum. Ljósmyndari blaðsins rakst á hópinn fyrir framan Ísafjarðarbíó og tók þá meðfylgjandi mynd. Samkvæmt upplýsingum blaðsins munu nokkrir hópar hittast um næstu helgi, m.a. gamlir nemendur Menntaskólans á Ísafirði.

Vestfirðir

Fyrirtæki tapa sölusamningum

Fiskvinnslufyrirtæki á Vestfirðum eru farin að tapa sölusamningum erlendis vegna verkfalls fiskvinnslufólks. Frosti hf., í Súðavík hefur þegar misst af sölu á 30 tonnum af rækju til Bretlands og sala á 50 tonnum til viðbótar er í hættu, leysist verkfallið ekki í bráð. Fjárhagslegt tjón fyrirtækisins vegna þessa er áætlað um 40 milljónir króna.

Básafell hf., á Ísafirði hefur þegar misst af samningum erlendis vegna verkfallsins og fleiri samningar eru í hættu. Hver verkfallsvika kostar fyrir-

tækin frá 400-800 þúsund krónur eftir stærð og er þá einungis átt við laun þeirra starfsmanna sem ekki eru í verkfalli og annan fastakostnað þar sem engar tekjur fást á móti. Áætlað veltuþap Básafells, frá því verkfall hófst, er vel á þriðja hundrað milljónir króna.

Eins og greint var frá í síðasta blaði, eru fiskvinnslufyrirtæki á Vestfirðum, misjafnlega vel í stakk búin til að mæta verkfalli sem þessu, og eru spurningar uppi um hvort nokkrum þeirra takist að hefja starfsemi að verkfalli loknu.



Frosti hf., í Súðavík.

Blaðsíða 4

Vátrygginga-félagið gefur neyðarlýsingar



Blaðsíða 6

Kristján Þór bæjarstjóri í opnuviðtali



Blaðsíða 12

Á annan tug nemenda fá stúdentshúfur



Spurningin

Hvað fannst þér um síðustu verðkönnun Neytendasamtakanna?



Benedikt Kristjánsson, formaður Kaupmanna-samtaka Íslands:

„Verðtakan sjálf er óað-finnanleg en útreikningar og umfjöllun eru Neytendasamtökunum til vansa og sýnir að þau standa ekki við gert samkomulag um að réttum upplýsingum sé komið til neytenda. Umfjöllun Neytendasamtakanna um verðkönnunina er aðför að dreifbýlisverslunni. Það er ósanngjarn og þjónar engum tilgangi og síst hagsmunum neytenda, að bera saman Félagskaup á Flateyri og Bónus í Holtagörðum. Þessi vinnubrögð eru Neytendasamtökunum til vansa.“

Í nýlegri verðkönnun á vegum Neytendasamtakanna og verkalýðsfélaganna á landsbyggðinni kemur fram að vöruverð á landsbyggðinni hefur farið lækkandi. Í könnuninni kemur þó fram að margar af dýrustu matvöruverslunum landsins séu á Vestfjörðum m.a. í Súðavík, á Suðureyri og á Flateyri.

Þeir eru búnir að reikna sig hálfra leið til andskotans

Verkfall fiskvinnslufólks á Vestfjörðum hefur nú staðið á fimmtu viku. Deilan er í hnút og snýst nú að mestu um aðgerðir verkfallsmanna sem hafa reynt að stöðva landanir úr vestfirskum skipum vítt og breytt um landið.

Það alvarlegasta við deiluna er kannski sú staðreynd, að deiluaðilar heyja baráttuna ekki við samningaborðið, eins og víðast tíðkast, heldur á framan-greindum vígstöðvum og fer dýrmætur tími í þjark um lögmæti aðgerða beggja aðila.

Miðlunartillaga varla tímabær

„Miðlunartillaga frá sátta-semjara er eitt af því sem hlýtur að koma til greina, en hún er varla tímabær á meðan þessi bónuskrafa er uppi á borðinu.“ sagði Einar Jónatansson, formaður Vinnuveitendafélags Vestfjarða, í samtali við blaðið.

„Það er ljóst að mínu mati að þetta verkfall er óskaplega dýrt og mikil fórn bæði fyrir fólk, fyrirtæki og þessar veiku byggðir hérna fyrir vestan. Stærsti þröskuldurinn milli aðila, er sú krafa ASV að greiddur verði lágmarksbónus á alla greidda tíma í fiskvinnslu, en þessi lágmarksbónus er nálægt því hæsta sem gerist í bónus. Þetta er að okkar mati algerlega ófær leið vegna þess að þetta myndi fyrr eða seinna koma í bakið á fólkinu. Þetta myndi leiða til minni afkasta og framleiðni fyrirtækjanna og þar af leiðandi minni getu til að borga laun í fram-

tíðinni.

Okkar skoðun er sú að það eigi að hefjast samvinna milli fyrirtækjanna og fólksins en aukin hagkvæmni ein getur leitt til þess að launin í þessari starfsgrein geti farið uppá við.

Snemma í þessum kjaraviðræðum varð að samkomulagi milli aðila að fá sérfræðinga frá báðum aðilum til að meta þýðingu þess að bónus yrði allur fluttur inn í tímakaup, en það hefur svipaða þýðingu og það sem ASV er að fara fram á núna með lágmarksbónusinum. Sérfræðingarnir skiluðu álit þeir sem sagði að þetta myndi leiða til minnkandi afkastahvata og afkastagetu, launakostnaður á framleiðslueiningu myndi aukast og framleiðni fyrirtækjanna myndi minnka. Við teljum alveg vonlaust að semja um kerfi sem hefur þetta í för með sér.

Tvöfalt hærri kaupkrafta en annars staðar

Varðandi þennan lágmarksbónus, þá geri ég mér grein fyrir því að samninganefnd ASV er í miklum vanda meðal annars vegna þeirra fjölda undirskrifa sem hún fékk í hendur um að ekki bæri að hvika frá áður gerðum kröfum. Inn í kröfum þeirra þá var farið fram á að lágmarksbónusinn yrði ekki aðeins greiddur þegar verið væri að vinna fisk í húsunum, heldur jafnframt að hann yrði greiddur á öllum fisklausum dögum og á öllum helgidögum. ASV hefur nú fallið frá þessari kröfu en

samkvæmt okkar útreikningum hefði verið um 20% kauphækkun að ræða, ef hún hefði náðst fram, á meðan aðrir kjarasamningar eru að gefa 5-7% hækkun. Þetta var að okkar mati gjörsamlega fráleit krafa, en á síðasta fundi drógu þeir hana til baka.

Eftir stendur krafan um lágmarksbónusinn sem þýðir kauphækkunarkröfu upp á 11-13% hjá þeim húsum sem hafa haft bónus fyrir neðan meðalbónus. Að okkar mati er þetta hjá mörgum fyrirtækjum um tvöfalt hærri kaupkrafta en samíð hefur verið um annars staðar, en ég tek það skýrt fram að þetta á ekki við fyrirtæki þar sem bónusinn er hlutfallslega hár, eins og í rækjuverksmiðjunum.“ sagði Einar. Hann segir að sem dæmi um þá hækkun sem núgildandi tilboð atvinnuveitenda gerir ráð fyrir, þá hefðu laun starfsmanns í rækjuvinnslu Bakka hf. í Hnífsdal hækkað um 8,88% á tímabilinu 5. janúar 1997 til 19. apríl 1997. Hjá meðal frystihúsi liggja þessi tala heldur lægra þar sem yfirvinna þar er minni.

Vinnuveitendur hafa boðið eina krónu og fjórtán aura

„Við biðjum ekkert um miðlunartillögu. Við erum nú fyrst og fremst að hugsa um samninga, en það virðist vera ákaflega vonlítið að fá vinnuveitendur til að ræða eitt eða neitt annað en það sem þeir eru búnir að veifa framan í okkur alveg frá upphafi.“ sagði Pétur Sigurðsson, forseti ASV, að-



Verkfallskonur spá í spilin á skrifstofu Alþýðusambands Vestfjarða.

spurður um stöðuna í samningamálinum. Vegna útreikninga atvinnuveitenda sagði hann:

„Málið er það að þeir eru búnir að reikna sig hálfra leið til andskotans. Þessar reikningskúntir þeirra hafa ekki staðist frá degi til dags og þessi útreikningur sem þú ert að vitna í er örugglega ekkert öðruvísi aðrir. Auðvitað er hægt að búa sér til ákveðnar forsendur og reikna út frá þeim og fá út úr dæminu 8%. eru 8% ásættanleg - jafnvel þótt það væri? Þegar slitnaði upp úr viðræðunum á fimmtudaginn, þá höfðu þeir boðið okkur eina krónu og fjórtán aura fram yfir samning Verkamannasambandsins. Við eðlilegar aðstæður höfum við talið þann samning gefa 5½-6% í hæsta lagi. Er það kauphækkunin sem menn hafa verið að bíða eftir frá því að þjóðarsáttinni lauk? Það hafa engin tilboð komið frá vinnuveitendum utan þessarar einu krónu og fjórtán aura. Þetta er bara einfalt mál, en þeir geta svo reiknað og reiknað

alveg eins og þeim sýnist.“ Pétur segir að töluvert hafi verið slegið af kröfum ASV og nefnir að þar á meðal hafi verið slegið verulega af kröfum um kauptryggingu. Hann vildi þó ekki greina frá neinum upphæðum í því sambandi, en samkvæmt heimildum blaðsins hefur ASV lækkað kauptryggingarkröfuna í 85 þúsund krónur en vinnuveitendur hafa boðið 72 þúsund krónur.

Ísafjörður

Hörður jarðsettur

Hörður Sævar Bjarnason, skipstjóri, sem forst með skelfiskbátinum Æsu í Arnarfirði á síðasta ári, verður borinn til grafar frá Ísafjörðarkirkju á laugardag kl. 14.

Bæjarins besta

Stofnab 14. nóvember 1994

Útgefandi:

H-prent ehf.
Sólgötu 9,
400 Ísafjörður
☎ 456 4560
☐ 456 4564

Ábyrgðarmenn:

Sigurjón J. Sigurðsson
Halldór Sveinbjörnsson

Ritstjóri:

Sigurjón J. Sigurðsson

Blaðamaður:

Magnús Hávarðarson

Netfang:

hprent@snerpa.is

Stafræn útgáfa:

http://www.snerpa.is/bb

Í skjóli nætur

Leiðari

Fimm sinnum á jafn mörgum þingum reyndi dómsmálaráðherra að fá samþykki Alþingis fyrir veðheimild á aflakvóta, sem sjávarútvegsráðherra úthlutar árlega ókeypis. Ráðherranum tókst loks ætlunarverk sitt þegar framsóknarmenn voru sestir við hlið hans. Fram að því hafði andstaða þeirra komið í veg fyrir samþykkt frumvarpsins. Kúvendling framsóknarmanna kemur ekki á óvart. Hún er í takt við afstöðu þeirra til EES-samningsins, sem formaður þeirra taldi líklegt að þeir hefðu samþykkt ef þeir hefðu verið í ríkisstjórn! Á þeim tíma var þeim stjórnarskráin töm í munni. Það var hins vegar lítið vitnað í stjórnarskrána á Alþingi, nóttina sem löggjafarvaldið afsalaði sameign íslensku þjóðarinnar til kvótahafa, sem nú geta óhindrað veðsett auðlindina.

Framsóknarmenn hlýddu neyðarkalli Steingríms Hermannssonar, seðlabankastjóra, frá því fyrir ári síðan, er hann kvað bankana í hættu vegna útlána til sjávarútvegsins. Tugmilljóna plögg, sem bankarnir hafa lánað út á eru ekki pappírins virði, sagði seðlabankastjóri, vegna þess að dómstóll hafði komist að þeirri niðurstöðu að óheimilt væri að veðsetja fiskinn í sjónum. Úr þessu verður að bætta, sagði þessi fyrrum leiðtogi framsóknarmanna. Sem menn muna svaraði Davíð Oddsson neyðarópi Steingríms samstundis og hét úrbótum, ef ekki á vorþingi, þá strax að hausti.

Í skjóli nætur afsöluðu þingmenn auðlindinni, sem samkvæmt stjórnarskrá er sameign landsmanna. Kristján Pálsson, þingmaður Reyknesinga, barðist einarðlega gegn afsali sameignarinnar og sagði réttilega: „Ég er ekki viss um að allir þingmenn geri sér grein fyrir hvað þeir voru að samþykkja.“

„Þetta eyðir áhættu í útlánunum. Þarna er fyrst og fremst um að ræða viðskiptamál en ekki sjávarútvegsfélög. Það er grundvallarmisskilningur að

verið sé að tryggja hagsmunum bankanna,“ er haft eftir formanni fjárveitinga-nefndar. Ef ekki er verið að tryggja hagsmunum lánadrottna, hvaða áhættu er þá verið að eyða?

Fyrsti þingmaður Vestfirðinga kallar þá varðhunda núverandi kerfis, sem greiddu atkvæði gegn veiðiheilmildarákvæðinu. Hann kveður menn ekki hafa áttað sig á raunveruleikanum sem menn búa við í dag í sjávarútveginum. Frumvarpið sé nauðsynlegt til að menn geti stundað eðlileg bankaviðskipti í samræmi við eign sína! Hvaða eign? „Þetta frumvarp“ segir þingmaðurinn, „er ekki á nokkurn hátt líklegt til að festa í sessi núverandi skipulag veiðanna. Þessu er þvert á móti þveröfugt farið og núverandi ástand líklegur til að festa tangarhald bankastofnana.“ Hingað til hefur veðsetning kvóta verið bönnuð með lögum. Hvernig getur samtenging kvóta við veð í skipi losað um tangarhald bankanna?

Árni R. Árnason, þingmaður Reyknesinga: „Það eru nokkur atriði mikilvægari nútímavíðskiptum í frumvarpinu heldur en það sem veldur mestri deilu.“ Hvaða atriði eru það í nútímavíðskiptum, sem gera veðsetningu fiskistofnana að aukaatriði?

Fjórir þingmenn Vestfirðinga guldu jáyrði við heimildinni til að veðsetja sameign íslensku þjóðarinnar. Það eru dapurleg örlog þingmanna kjördæmis sem á allt sitt undir því sem hafið gefur.

Nóttin þegar Alþingi Íslendinga afsalaði sameign þjóðarinnar til útgerðarmanna og lánastofnana mun lifa í sögu þjóðarinnar, sem hin svarta nótt, þegar mesta eignatílfærsla í gjörvallri þjóðarsögunni var innsigliuð. s.h.

Bæjarins besta er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða. Eftirprentun, hljóðritun, notkun ljósmynda og annars efnis er óheimil nema heimilda sé getið.

Þökk sé þingmönnum

Ekki er langt síðan Gunnlaugur M. Sigmundsson alþingismaður með meiru, birti greinarkorn í Bæjarins besta undir fyrirsögninni „Atvinna, stjórn-mál og umrót tímans“. Eins og stundum áður svifur þingmaðurinn að miklu leyti ofar einföldum hversdagsleika vestfirskra fjarða og fjalla, er að þessu sinni með hálfu hugsunina í Ameríku hjá forseta Clinton, þannig að greini myndi á stjarnfræðimáli teljast til halastjarna, fremur laus í sér og en þó lýsandi eins og slíkar stjórnur eiga að vera.

Greinin er lýsandi að því leyti að hún opinberar þann sannleika að þingmenn Vestfjarða telja sig verða heima í héraði að bera í bæti fláka fyrir einstaklega hlutlausu eða jafnvel neikvæða afstöðu gagnvart atvinnufyrirtækjum á Þingeyri sem hafa háð harðvítuga baráttu fyrir því að reka sína starfsemi til þess að skapa grundvöll fyrir áframhaldandi búsetu á Þingeyri. Þessir aumingja þingmenn hafa þá í rauninni ekkert að gera á Alþingi. Þeir ráða engu og það sem þeir gætu hugsanlega gert, hafa þeir ekki tíma til að gera. Þegar allt kemur til alls, er atvinnuvandi einstakra byggða í hugum

stjórnarþingmanna, varla til sem sérstakur vandi þjóðarinnar þar sem byggðastefna er því miður ekki finnanleg hjá núverandi stjórnarflokkum.

Byggðastofnun kom fyrst til leiks

Þetta leiðir þá af sjálfu sér að ekki hefur verið tilhlýðilegt að neinn Vestfjarðþingmaður vekti athygli á því í þingsölum að einhverjir ráðherrar ríkisstjórnarinnar hafi haft hin brýnu málefni Þingeyrar og Fáfnis h/f til skoðunar frá því s.l. sumar og lítið sem ekkert gert í þeim málum. Byggðastofnun kom þá fyrst til leiks með afgerandi hætti þegar tími var kominn til þess að greiða Fáfni h/f rothöggið. Það sem alltaf hefur blasað við sem eðlilegur farvegur aðgerða á Þingeyri, þ.e. að veita fjármagni beint til atvinnufyrirtækja á staðnum, gekk ekki í gegnum hið pólitíska nálarauga. Það mun nokkuð á hreinu að ýmsir félagshyggjumenn Framsóknar gerast þunglyndir yfir þeim sameiginlegu lausnum stjórnarflokkanna sem eru þá væntanlega árangur af margra mánaða athugunum. En

frjálshyggjumenn í öllum flokkum gleðjast og hughreysta skilningslausan lýðinn með því að breytingum fylgi ekki bara ógnir, heldur einnig tækifæri. Þeir sem ganga svo víghreifir um völl, ættu öðru hverju að líta um öxl og aðgæta hvort þeim fylgi eitthvað af fólkinu sem málið varðar.

Þeir sem tala með lítilsvirðingu um lífsbaráttu fólks í fyrrum blómlegum héruðum og telja tíðarandann einfaldlega dæma slíkt mannlíf úr leik, þeir ættu einfaldlega að gæla við hina nýju samfélagshugsjón í sínum virðulega hópi en láta dreifbýlisfólk í friði. Það er sama uppgjöfin í mörgum hagfræðingum þjóðarinnar að telja bætt lífskjör, byggist á því að koma landinu að stórum hluta til - í eyði. Það er sannarlega svo að til eru önnur verðmæti en beinhardir peningar en það eru líka til raunveruleg efnahagsleg verðmæti fólks og fyrirtækja á stöðum eins og Þingeyri. er eðlilegt að taka því með þökkum að íhald og frjálshyggja neyti valds síns til þess að koma í veg fyrir björgunaraðgerðir gamalgrónna fyrirtækja sem jafnframt hafa verið burðarásar í atvinnulífi heilla byggðarlaga.

Þingeyri, dæmi um mistök ráðamanna

Byggðaröskun á Vestfjörðum er alvarleg staðreynd og minni þorpin hafa nánast enga framtíðarmöguleika nema tákist að fá fram pólitískar aðgerðir til þess að flytja aflaheimildir til þessarra staða að nýju. Þingmenn virðast ekki telja skynsamlegt að hefja sameiginlega baráttu fyrir þessum grunvallaraðgerðum. Af því að Gunnlaugur þingmaður lætur sem hann viti það ekki, þá er best að segja honum það að ábyrgðin á því sem miður fer í einstökum fyrirtækjum í þessum þorpum á útgerðar- eða fiskvinnsluviði, er að megin hluta til hjá þingmönnum þjóðarinnar sem hvorki höfðu framsýni til þess að sjá fyrir afleiðingarnar af framkvæmd fiskfriðunaraðgerða, framkvæmd vaxta- og gengisstefnu eða hafa nú um stundir neitt sýnilegt þrek til þess að breyta til. Aflakvótar eru hraðfara að safnast á hendur örfára fyrirtækja og Þingeyri við Dýrafjörð verður innan

tíðar aðeins eitt dæmi um skefjalaust misrétti og mistök ráðamanna þjóðarinnar.

Undirritaður telur að nánast allt hafi mælt með því að tekið væri á atvinnuvanda Þingeyrar með opinberri aðstoð við Fáfni fyrir a.m.k. ári síðan. Afskifti Byggðastofnunar af málinu var ekki hægt að túlka á annan veg en þann að stofnunin gæfi fyrirtækinu stöðugt undir fótinn í þá veru að þaðan væri fljótlega hjálpar að vænta. Mun betra hefði verið fyrir stjórnendur Fáfnis að komið hefði verið hreinlega fram við þá á fyrri stigum málsins og þeim sagt að veruleg aðstoð við atvinnulífið á Þingeyri kæmi ekki til greina í gegnum Fáfni h/f. Það var auðvitað ekki sagt, enda engar eðlilegar forsendur fyrir slíku.

Fáfni skyldi slátrað

Alltaf getur fólk lært eitthvað nýtt og það var dregið upp á svartan flöt í grein Gunnlaugs að „fyrir tilstilli alþingismanna fara hjól atvinnulífsins nú vonandi aftur að snúast á Þingeyri.“ Mikil er þekking

Gunnlaugs á málefnum og þökk sé þingmönnum - en fyrir hvað? Á það nú að lokum að vera fyrir það að koma einu sinni enn í veg fyrir það sem stjórnendur Fáfnis hafa lagt áherslu á gagnvart Byggðastofnun í atvinnuvanda Þingeyrar. Fáfni hafði nánast fullnægt skilyrðum Byggðastofnunar í byrjun maí s.l. til þess að frjálssir nauðasamningar Fáfnis gætu farið fram og jafnframt tryggt með leigusamningi að vinna færi af stað í frystihúsi Fáfnis eftir eina til tvær vikur. Þrátt fyrir þetta var það afstaðan til Fáfnis hjá þorra stjórnarmanna Byggðastofnunar sem voru að megin hluta þingmenn, að Fáfni h/f skyldi slátrað. Aðgerðir Byggðastofnunar til eignaupptöku á Þingeyri voru að lokum staðfestar með aðild Landsbanka Íslands og Fiskveiðisjóðs vegna þess að pólitískur vilji hafði aldrei verið fyrir því að veita Fáfni h/f á Þingeyri eðlilegan stuðning. Þannig er það nú - Gunnlaugur M. Sigmundsson.

Sigurður Kristjánsson, Þingeyri. Millifyrirsagnir eru blaðsins.



Munið
heimsendingar-
þjónustuna

Síminn er 456 5267



einingarhús

Egilsstaðir - ☎ 471 1700 & 471 1450

Okkar vinsælu EININGARHÚS í 25 ár.

Smíðum allar stærðir íbúðar- og súmarhúsa úr timbri, frjálst val utanáklæðninga, timbur, stál eða steni, allt kemur til greina.



Smíðum eftir hvaða teikningu sem er. Allt eftir óskum kaupanda.

Óskum eftir að ráða trésmíði á verkstæði okkar nú þegar.

Upplýsingar í sínum 471 1700 og 471 1450.

Á Eyvinni
Veitingastaður Kaffihús
Mánagata 1 - Sími 456 4306 Fisherhúsi anno 1884

Kráarstemmning

Hinn geysivinsæli ísfirski trúbador

Guðmundur Hjaltason

heldur uppi eka kráarstemmningu nk.
föstudagskvöld frá kl. 23:00 til kl. 03:00

Ljúffengir kráarsmáréttir framreiddir frá kl. 19:00

Súper dúettinn

Baldur og Margrét

Skemmtir í þrumustuði á laugardagskvöld
frá kl. 23:00 til kl. 03:00

Bjúðum kvöldmatargestum matseðil með ljúffengum réttum
frá kl. 19:00 á föstudags- og laugardagskvöld

Borðapantanir daglega frá kl. 12:00 til kl. 17:00

Húsið opið aðeins fyrir kvöldmatargesti frá kl. 19:00 til kl. 23:00

Mætið tímanlega, því það er ávallt fjölmennt og fjör hjá okkur
Njótið góðs matar og skemmtið ykkur á góðum veitingastað með góðri tónlist
Aðgangseyrir fyrir aðra en kvöldmatargesti á laugardagskvöld er kr. 500,-

Ísafjörður

VÍS gefur neyðarlýsingu í leikskóla

Á fimmtudaginn í síðustu viku færðu fulltrúar Vátryggingafélags Íslands leikskólanum Eyrarskjóli á Ísafirði neyðarljós í allar vistarverur skólans. Að sögn Héðins Emilssonar, vátryggingarmanns hjá VÍS, hefur félagið nú gefið slík neyðarljós í alla leikskóla sem tryggðir eru hjá VÍS og eru Vestfirðir lokahnykkurinn í áttakinu.

Hann var spurður um ástæður að baki verkefninu: „VÍS þjónar mörgum sveitarfélögum á Íslandi í sambandi við alhliða tryggingar og hluti af þessari þjónustu er áhættu- og öryggisefirlit. Á síðasta ári fundum við það út að það eru 240 leikskólar í landinu þar sem vistuð eru 14-15 þúsund börn á aldrinum eins til sex ára, en í mörgum skólunum eru fleiri en 100 börn. Við fórum því að hugsa út í hvernig öryggismálum væri háttað hjá leikskólunum og leiddi athugun í ljós að yfirleitt voru skólanir ekki með sjálfvirka neyðarlýsingu og heldur ekki með þjálfað starfsfólk í björgunarstörfum.“ Að sögn Héðins leiddu

þessar upplýsingar til þess að tryggingarfélagið ákvað um síðustu áramót að afhenda öllum leikskólum í þeim sveitarfélögum sem eru vátryggð hjá VÍS, sjálfvirka neyðarlýsingu, með þeim skilyrðum að sveitarfélögin önnuðust uppsetningu þeirra. „Með ljósunum höfum við afhent björgunar-áætlun sem lýsir réttum viðbrögðum á hættustundum. Yfirreið okkar um landið er að ljúka og síðustu staðirnir sem við förum á eru Suðureyri, Súðavík, Hólmavík og Dranganes. Við höfum afhent 1.600 neyðarljós í 130 leikskólum, en þetta er stórt átak og við erum að þessu til að koma í veg fyrir brunaslys í leikskólum. Við erum að gera fólki kleift að finna börnin og bjarga þeim út, en neyðarlýsingin tryggir að það verður aldrei myrkur hjá börnunum,“ sagði Héðinn sem finnst átak þetta vera eitt af því skemmtilegasta sem hann hefur tekið þátt í.



Ivar Atli Sigurjónsson, leikskólanemi, með eitt neyðarljósanna. Með honum á myndinni eru Héðinn Emilsson, vátryggingarmaður hjá VÍS og Gunnar Jónsson, svæðisstjóri VÍS á Vestfjörðum.



Pantanasíminn er 456 3367


Guðbjörg ÍS-46

Fyrsta veiðiferðin gaf 235 tonn

Guðbjörg ÍS landaði fyrir skömmu 235 tonnum af rækju í Harbour Grace í Kanada eftir fyrstu veiðiferð skipsins á Flæmingjagrunn á þessu ári. Skipið var 30 daga á veiðum og var aflaverðmætið 35-40 milljónir króna, sem þykir frekar slakt miðað við það sem menn eiga að venjast. Guðbjörgin mun verða á veiðum á Flæmingjagrunni í um tvo mánuði til viðbótar, en Samherji hf. er með samning við Pólverja um að fyrirtækið nýti kvóta þeirra

þar. Áætlanir Samherja gera ráð fyrir að skipið veiði um 700 tonn á þessum tíma, en Guðbjörgin aflaði 1.750 tonna á átta mánaða tímabili á síðasta ári. Að sögn skipverja sem komu heim í frí, var þokkalegt veður á miðunum en fremur kalt. Þeir segja að það geti þó breyst snögglega, því á þessum slóðum komi eiginlega ekkert vor, heldur skipti frá vetri í sumar eins og hendi sé veifað.



Guðbjörg ÍS-46.

TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL

HAFNARSTRÆTI 1 • ÍSAFIRÐI • ☎ 456 3940 & 456 3244 • ☐ 456 4547



Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af söluskrá skrifstofunnar. Allar frekari upplýsingar varðandi söluskrá fasteigna eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1, 3. hæð.

Einbýlishús / raðhús

- Bakkavegur 23:** 133,8m² einbýlishús á einni hæð ásamt 34,9m² bílskúr. Verð kr. 8.900.000,-
- Bakkavegur 25:** 154m² einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. Verð: 8.700.000,-
- Brautarholt 12:** 161,2m² einbýlishús á einni hæð ásamt 56m² bílskúr. Verð: 11.300.000,-
- Dalbraut 13:** 120,7m² einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. Verð: 9.500.000,-
- Fagraholt 12:** 156,7m² einbýlishús á

- einni hæð ásamt bílskúr. Skipti á minni eigna á Eyrinni möguleg. Tilboð óskast.
- Hafraholt 14:** 144,4m² raðhús á tveimur hæðum, ásamt bílskúr. Verð: 9.500.000,-
- Heiðarbraut 6:** 133,3m² einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. Verð: 10.700.000,-
- Hjallavegur 19:** 242m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt innbyggðum bílskúr. Skipti á minni eign möguleg. Verð: 12.700.000,-
- Hlíðarvegur 26a:** 120m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt kjallara. Verð: 6.700.000,-



Engjavegur 31: 92,1m² 4ra herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Mikið uppgerð. Verð: 5.900.000,-



Hlíðarvegur 27: 76m² íbúð á efri hæð tvíbýlishúsi ásamt 35m² bílskúr. Mögulegt að taka bíl uppí. Verð: 5.400.000,-

- Hlíðarvegur 38:** 183,2m² raðhús á þremur hæðum. Verð: 9.500.000,-
- Hlíðarvegur 48:** 146,4m² einbýlishús á þremur pöllum, mjög fallett útsýni. Verð: 7.000.000,-
- Miðtún 31:** 190m² endaraðhús í norðurenda á tveimur hæðum. Tilboð óskast.
- Silfurgata 9:** 150m² einbýlishús, 4ra herbergja á tveimur hæðum, ásamt garði, kjallara og geymsluskúr. Tilboð óskast.
- Skípaga 11:** 78 m² einbýlishús á tveimur hæðum. Húsið er laust strax. Tilboð óskast.
- Skólavegur 1:** 62,8m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt kjallara og þurrkhjalli. Verð: 3.700.000,-
- Stakkanes 4:** 144 m² raðhús á 2 hæðum ásamt bílskúr og sólstofu. Skipti möguleg á Eyrinni. Verð: 9.900.000,-
- Stakkanes 6:** 144 m² raðhús á tveimur hæðum ásamt bílskúr og sólstofu. Skipti minni eign möguleg. Verð: 10.900.000,-
- Strandgata 3:** 130,5m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt geymsluskúr. Verð 3.500.000,-
- Tangagata 6a:** 99,7m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt litlum kjallara.

- Verð: 6.800.000,-
- Urðarvegur 26:** 236,9m² raðhús á tveimur hæðum ásamt innbyggðum bílskúr. Verð: 11.800.000,-

4-6 herbergja íbúðir

- Engjavegur 21:** 132,2m² 4-5 herbergja íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi ásamt kjallara. Verð: 8.500.000,-
- Fjarðarstræti 4:** 120m² 4ra herbergja íbúð á 3. hæð í fjölbýlishúsi. Verð kr. 6.500.000,-
- Fjarðarstræti 38:** 130m² 5 herbergja íbúð á 2 hæðum í þrívíbýlishúsi. Hagstæð lán fylgja. Verð: 7.000.000,-
- Pólgata 4:** 136m² 5 herbergja íbúð á 2 hæð í þrívíbýlishúsi ásamt litlum bílskúr. Verð: 5.500.000,-
- Seljalandsvegur 20:** 125,2m² 4ra herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýli. Verð: 7.900.000,-
- Seljalandsvegur 20:** 161,2m² 5-6 herbergja íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi ásamt stórum bílskúr. Mjög fallett útsýni. Verð: 10.700.000,-
- Sólgata 5:** 102m² 6 herbergja íbúð á tveimur hæðum í norðurenda í tvíbýlishúsi. Verð: 5.000.000,-

- Stórholt 7:** 116m² 4ra herbergja íbúð á 3. hæð. t.h. í fjölbýlishúsi. Verð 7.400.000,-
- Stórholt 11:** 103m² 4ra herbergja íbúð á 3. hæð í fjölbýlishúsi ásamt bílageymslu. Íbúðin er laus fljótlega. Verð: 7.800.000,-
- Tangagata 20:** 70m² 4ra herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Engar áhvilandi veðskuldir. Verð: 3.500.000,-
- Túngata 12:** 98,9m² 4ra herbergja íbúð á efri hæð í þrívíbýlishúsi. Mikið uppgerð. Verð: 6.700.000,-
- Túngata 21:** 77,5m² 4ra herbergja íbúð í þrívíbýlishúsi. Verð: 5.600.000,-
- Urðarvegur 25 - Hraunprýði:** 155m² 5-6 herbergja íbúð á 2 hæðum að hluta í tvíbýlishúsi ásamt bílskúr. Skipti á ódýrari eign möguleg. Tilboð óskast.

- 5.100.000,-
- Stórholt 7:** 74,6 m² íbúð á 3. hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi. Verð: 4.900.000,-
- Stórholt 9:** 74,6m² íbúð á 1. hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi. Verð: 5.300.000,-
- Stórholt 11:** 80m² 3ja herbergja íbúð á 3 hæð í fjölbýlishúsi. Verð: 6.000.000,-
- Stórholt 11:** 80 m² 3ja herbergja íbúð á 2 hæð í fjölbýlishúsi ásamt innbyggðum bílskúr. Verð: 6.900.000,-
- Stórholt 11:** 72,6m² 3ja herbergja íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi. Verð: 4.500.000,-

2ja herbergja íbúðir

- Hlíf II:** 50,4m² íbúð á 2. hæð í Dvalarheimili aldraðra Verð: 6.100.000,-
- Hlíf II:** 50,4 m² íbúð á 4. hæð í Dvalarheimili aldraðra. Verð: 5.900.000,-
- Sundstræti 24:** 69m² íbúð á jarðhæð í þrívíbýlishúsi. Íbúðin er mikið uppgerð. Verð: 5.200.000,-

Súðavík

- Holtgata 26:** 86,9m² parhús á einni hæð, byggt 1996. Verð: 5.500.000,-



Fjarðarstræti 14: 191m² 4ra herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi ásamt kjallara. Verð: 6.200.000,-

Munið eftir bílbeltunum

Í síðustu viku valt bíll á Skutulsfjarðarbrautinni, fjölförnustu götu í Ísafjarðarbæ og jafnframt þeirri mest eknu í stærsta kjarnanum. Aðkoman var með þeim hætti að þeir sem fyrstu komu, töldu að stórslys hefði orðið. Bíllinn var að sönnu ónýtur, en ökumaður og farþegar, móðir og tvö börn hennar, þriggja og sjö ára, sluppu ómeidd, þökk sé bílbeltunum. Slæmt er að verða fyrir eignatjóni en mest um vert er að enginn slasaðist.

Engu að síður er það svo að alltof margir nota ekki þessi sjálfsögðu öryggistæki sem bílbeltin eru. Alltof algengt er að sjá fullorðið fólk sitja óspennt í bílum. Það er reyndar lögbrot og sekt nemur kr. 2.500. Það verður þrátt fyrir allt að teljast vel sloppið ef ekki fylgja meiðsl eða örkuml. Eðlilegast er og mest skynsemi er fólgin í því að nota beltin alltaf og spara sér sektir og það sem verra er.

Því miður eru til foreldrar sem sýna það ótrúlega ábyrgðar- og kæruleysi að festa ekki börn í bílstóla og bílbelti. Jafnvel hefur undirritaður séð börn óbundin í framsætum og heyr



Frá slystað á Skutulsfjarðarbraut í síðustu viku.

af bílstjórum sem aka með kornabörn í fanginu. Þvílíkt og annað eins á ekki að gerast. Börnin eiga ekkert val. Foreldrar verða að tryggja hag þeirra. Þeir bera ábyrgð á börnunum.

Notið bílbeltin alltaf. Slys verða oftast á styttri ökuferðum en þeim lengri. Annað atriði sem fyllsta ástæða er til að benda á, er það hvernig for-

eldrar leggja við Eyrarskjól á Ísafirði. Í fyrsta lagi er ótrúlega algengt að sjá fólk leggja beint á gangbrautinni yfir Eyrargötu, undir gangbrautarmarkinu. Það á ekki að sjást. Sumir bæta um betur og leggja öfugt miðað við akstursteftu á gangbrautinni. Sektin fyrir slíkt er kr. 3.500.

Af foreldrum læra börnin. Því verður ekki trúað að fólk

kunni ekki umferðareglurnar betur. Notið bílbeltin og fullnægjandi barnabílstóla fyrir börnin, virðið hraðatakmark og leggið ekki eins og að ofan er lýst. Að lokum, hámarks hraðinn í jarðgöngunum er 60 km miðað við klukkustund.

Gleðilegt ferðasumar. Ólafur Helgi Kjartansson, formaður umferðaröryggisnefndar Ísafjarðarsýslna.

Atvinna

Starfskraft vantar til afleysingastarfa frá 1. júní.

Upplýsingar gefur útsölustjóri á staðnum. A.T.V.R.

Heimilisaðstoð

Heimilisaðstoð óskast til hreingerninga og þvotta einu sinni í viku í einbýlishúsi í Holtahverfi. Æskilegt að byrja störf í júníbyrjun.

Upplýsingar veittar í síma 456 3702 á kvöldin og síma 456 3244 á daginn.

Atvinna

Óskum að ráða starfskraft til almennra skrifstofustarfa. Bókhalds- og tölvukunnátta æskileg. Um er að ræða hálf dags starf.

Einnig óskast starfskraftur til afleysinga í versluninni í sumar.

Upplýsingar gefur Birna í síma 456 4644 frá kl. 13:00 til kl. 17:00.

Metró - Áral ehf. Mjallargötu 1 - Ísafirði.

Kæru Vestfirðingar og aðrir landsmenn

Í janúar síðastliðnum, lést af slysförum í Færeyjum, Íslendingurinn Helgi Arnar Guðmundsson, en hann var að hluta til ættaður úr Ísafjarðardjúpi. Hann lét eftir sig unga færeyska sambýliskonu og tvö ung börn.

Í mars barst okkur til eyrna að ekkjan unga ætti í erfiðleikum. Minnugir hins mikla hlyhugar og örlætis sem Færeyingar sýndu okkur Vestfirðingum eftir snjóflóðin miklu, ákváðum við að láta verkin tala og sýna þeim að við kynnum að meta bróðurpel þeirra. Við settum í gang fjársöfnum til handa ekkjunni og hefur hún nú staðið í tvo mánuði.

Sannast sagna hefur söfnunin gengið illa og höfum við orðið fyrir miklum vonbrigðum með viðbrögð fólks. Nú hefur verið ákveðið að söfnunin taki enda þann 31. maí og viljum við því hvetja alla sem aflögufærir eru til að leggja okkur lið og sýna samhug í verki.

Söfnunarreikningurinn er í Sparisjóði Súðavíkur og er númerið 400300.

Slysavarnadeild Súðavíkurhrepps.

Innritun í Framhaldsskóla Vestfjarða skólaárið 1997-1998

Framhaldsskóli Vestfjarða verður með sérstaka innritun fyrir nýnema fimmtudaginn 29. maí kl. 10:00 til kl. 16:00 á bókasafni skólans.

Starfsfólk skólans mun vera til viðtals á þessum tíma og afhenda sérstök umsóknareyðublöð. Væntanlegir nemendur eru hvattir til að notfæra sér þessa þjónustu og hafa með sér afrit af prófskírteini.

Skólameistari.

Fulltrúar skóla John Casablancas á Ísafirði

Leita að fyrirsætum á Vestfjörðum

Fulltrúar skóla John Casablancas, sem staðið hefur fyrir ferðum íslenskra ungmenna til New York síðastliðin fimm ár, þar sem tekið hefur verið þátt í keppni ungs fólks á vegum M.A.A.I., eru á leið til Ísafjarðar í leit að framtíðar fyrir-

sætum. Fjölmiörg ungmenni sem farið hafa erlendis á vegum skólans, eru nú starfandi sem fyrirsætur víða erlendis. Má þar nefna Geir Magnússon, sem starfar hjá Success í París, Guðrúnu Þorgrímsdóttur hjá Metro-

politian, Ásdís Maríu Franklín og Ragnheiði Guðnadóttur, sem nú hefur hafi störf hjá Wild umboðsskrifstofunni í London. Í M.A.A.I.-keppninni er keppt í fjórum greinum. Hæfniskröfur vegna þátttöku eru að viðkomandi þarf að vera 170

sm á hæð, hann þarf að vera reglusamur og hafa vilja og ánægju af því sem hann er að gera. Þeir sem hafa áhuga á að taka þátt í keppninni er bent á að mæta á Pizza'67 á Ísafirði, sunnudaginn 1. júní milli kl. 16 og 17.

Arnarfjörður

Plógur Æsu náðist

Skelfiskplógur kúfiskskipsins Æsu náðist af hafsbötni á fimmtudagskvöld í síðustu viku, eftir að kafarar höfðu sagað festingar hans í sundur. Um leið og því verki var lokið, létti varðskipið Óðinn akkerum og hélt áleiðis til Reykjavíkur.

Skelfiskplógurinn er hlekkur í rannsókninni á því af hverju Æsan sökk í sumar-

blíðu á síðasta ári en hann mun ekki ráða úrslitum um niðurstöðuna. Það er rannsóknarnefnd sjóslysa sem fer með forræði rannsóknarinnar og á þessari stundu er óvíst hvenær henni lýkur. Eins og greint hefur verið frá hér í blaðinu, fannst lík annars skipverjans sem saknað var, en leit að hinum bar ekki árangur.

Jóhann Ásgeir er veikur

Undanfarnar vikur hefur Jóhann Ásgeir legið mikið veikur á sjúkrahúsi í Reykjavík. Til að aðstoða hann og fjölskylduna, höfum við stofnað kjörbók nr. 63866 í Landsbankanum á Ísafirði. (0156-05-63866)

Vinir Jóhanns Ásgeirs.



Ísafjarðarbær

Fastir viðtalstímar bæjarfulltrúa

Bæjarfulltrúar Ísafjarðarbæjar hafa tekið upp fasta viðtalstíma og hafa þeir verið ákveðnir annan og fjórða fimmtudag hvers mánaðar. Fyrri fimmtudaginn eru viðtalstímar á Flateyri og á Þingeyri og þann síðari á Suðureyri og á Ísafirði.

Að sögn bæjarfulltrúanna, hafa íbúar sveitarfélagsins tekið þessari nýbreytni vel, enda er hér um kjörinn vettvang að ræða til að koma á framfæri ábendingum sem og öðrum

erindum. Í dag verða bæjarfulltrúarnir með viðtalstíma í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði og á skrifstofu Ísafjarðarbæjar að Aðalgötu 16 á Suðureyri. Bæjarfulltrúarnir Magnea Guðmundsdóttir og Kristinn Hermannsson verða á Ísafirði og Sigurður R. Ólafsson og Guðrún Á. Stefánsdóttir, verða á Suðureyri.

Íbúar sveitarfélagsins eru hvattir til að nýta sér viðtalstímanna.

Fyrir nokkru fór BB þess á leit við Kristján Þór Júlíusson, bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar, að fá viðtal við hann um málefni Ísafjarðarbæjar og annað sem Kristján er að fást við, en hann er m.a. formaður Hafnasambands sveitarfélaga og átti sæti í nefnd sem samdi frumvarp til laga um snjóflóð og skriðuföll, sem afgreitt var frá Alþingi á dögunum. Kristján tók þessari málaleitan mjög vel en erfiðara reyndist að finna tíma sem hentaði. Greinilega er tími bæjarstjóra ásetinn, enda nóg að gera á „stóru heimili.“ Loks hringdi Kristján þó og sagðist vera búinn að taka frá tíma sem samkvæmt hans útreikningum ætti að henta báðum aðilum. „Korter yfir eitt á fimmtudaginn,“ sagði hann og blaðamaður passaði upp á að mæta á réttum tíma, því ekki vildi hann missa af þessu langþráða viðtali. Eftir stutta setu í biðsófanum á bæjarskrifstofunni, kom Kristján út af skrifstofu sinni og bauð blaðamann velkominn. „Við skulum byrja á að fá okkur kaffi. Ég á eftir að hringja eitt símtal og síðan skulum við skella okkur í þetta,“ sagði Kristján sem fékk sér svo ekki kaffi heldur te. „Ég hætti að reykja í fyrra og hætti í kaffinu um leið,“ segir hann til útskýringar.

- Var það ekkert erfitt?

„Nei, það var ekkert mál. Ég notaði tyggjó í mánuð og þá var þetta bara komið,“ segir kappinn sem blaðamaður öfundar, en blaðamaður reykir sjálfur og hefur aldrei skilið menn sem geta hætt að reykja sí svona. Kristján hringir símtalið fyrirnefnda og tekur það stutta stund. Þegar hann hefur lagt á segist hann hafa tíma til klukkan þrjú fyrir viðtalið og því eins gott að fara að byrja á því. Blaðamaður, sem er vopnaður tveimur vélrituðum síðum af spurningum, mótmælir og kvartar undan of naumt skömmtuðum tíma. „Blessaður slappaðu af maður - er ekki allt í lagi með kaffið? Byrjaðu bara og svo sjáum við til. Svona, skjóttu,“ segir Kristján og glottir stríðnislega. Segulbandið var því sett í gang og fer afraksturinn, þ.e.a.s. spumingarnar og svörin, hér á eftir:

Sameining sveitarfélaga:

- Nú er að verða liðið ár frá sameiningunni. Hver er reynslan fram að þessu?

„Sameiningin sem slík hefur tekist, segi ég. Við verðum að gera okkur grein fyrir því að sameining sveitarfélaga á sér ekki stað á einni nóttu. Breytingar á málefnum sveitarfélaga er þróun sem við verðum að mæla í áratugum en ekki á einum degi, viku, mánuði eða ári. Fólk verður að hugsa þetta skref á löngum tíma. Ég segi að sameiningin hafi tekist vegna þess að sveitarfélagið virkar, þetta gengur allt saman, en þó misvel eins og menn bjuggust við. Við getum líkt þessu við bygging húss. Þú byggir hús og flytur inn í það, en það er ekki þar með sagt að þú þurfir strax að vera búinn að setja öll herbergin í toppstand. Ég vildi ekki sjá það sveitarfélag sem ætti engin óleyst verkefni. Slíkt sveitarfélag væri gjörsamlega staðnað og að mínum dómi lítt fýsilegt til búsetu.

- Hefði mátt standa betur að undirbúningi sameiningarinnar, í ljósi reynslunnar?

„Sjálfsagt hefði mátt gera það. Það er örugglega hægt að finna einhver atriði sem hefði mátt vinna betur. Það hefði t.d. mátt velja einhverja aðra dagsetningu en 1. júní til að starta nýju sveitarfélagi. Þessi dagsetning var valin og hún gengur, en það hefði verið þægilegra að mörgu leyti ef þetta hefði verið um áramót. Undirbúningurinn að sameiningunni var

drætti í atvinnu, þannig að geta Þingeyrarhrepps til að eiga við þetta ástand hefði verið allt önnur en þessa sameiginlega sjóðs þessarar sex sveitarfélaga. Þingeyringar voru t.d. að byggja sína íþróttamiðstöð og framkvæmdum við hana verður lokið og hún vonandi tekin í fulla notkun inna skamms. Það er sem sagt ýmislegt sem vinnst með sameiningunni. Ef eitt-hvað fer úrskreiðis þá eru fleiri til að taka á áfallinu, byrðunum er einfaldlega jafnað á fleiri einstaklinga.“

Þingeyri er í Ísafjarðarbæ

- Ísafjarðarbær hefur verið gagnrýndur fyrir afskiptaleyxi í málefnum Þingeyrar. Er það réttmæt gagnrýni?

„Ég hef heyrt þá gagnrýni að bæjarsjóður hefði átt að gera eitthvað á Þingeyri. Ég er ekki að segja að þetta sé rangt, en þessar sömu gagnrýnisráddir hafa ekki komið með neinar tillögur um lausnir. Með sama hætti hefur bæjarstjórnin engar draumalausnir í farteskinu. Við höfum fyrst og fremst reynt að sinna verkefnum sveitarfélagsins með því að klára verkefni sem eru í gangi á Þingeyri. Við höfum reynt að einbeita okkur að því að veita Þingeyringum þá þjónustu sem þeir eiga rétt á og við getum annast. Við áttum þátt í að Sléttanes hf. var sameinað Básafelli hf. en það hefur verið gagnrýnt töluvert. Vegna þeirrar gagnrýni segi ég enn og aftur; Þingeyri er í Ísafjarðarbæ og Ísafjörður er í Ísafjarðarbæ. Fyrirtæki hérna skapa fólk vinnu með sveitarfélagið skattleggur síðan og útsvarið er nýtt til að halda uppi þjónustu í öllu sveitarfélaginu. Ég fullyrði að enginn samdráttur hefur orðið á Þingeyri frá því að Sléttanes hf. var sameinað Básafelli hf. Á sínum tíma stóðu menn frammi fyrir því vali að halda skipinu hér í fjórðungnum eða missa það í burtu, en veruleikinn er sá að Sléttanesið er enn í Ísafjarðarbæ og ég fagna því. Einhver sló því fram að Ísafjarðarbær ætti að selja hlut sinn í Básafelli og flytja andvirðið til Þingeyrar. Umræða á þessum nótum beinist ekki að því að fá botn í málin. Ég leyfi mér að spyrja í sama anda: Ættum við ekki fyrst að greiða skuldir Þingeyrarhrepps vegna stofnunar Sléttaness hf., áður en við flytjum söluandvirðið til Þingeyrar? Svona umræða ber þess vott að menn hugsa ekki um sveitarfélagið sem eina heild og hún skilar okkur ekki fram á veg.“

- Nú eru mál loksins farin að þokast á Þingeyri. Áttu von á að jákvæð niðurstaða fáiast í atvinnumálum þar í kjölfar síðustu atburða?

„Já, ég á von á því. Ég vil meina að við þessar síðustu aðgerðir, sem hefði raunar átt að vera búid að grípa til fyrir löngu, þá hafi staðan verið núllstillt og hún getur ekki farið í sama mínusinn aftur. Það var vinnulag liðins tíma, sem reynt var að viðhafa þarna og verið var að reyna að vinna í málunum í anda gamla SÍS, sem nær allir forkólfar atvinnulfsins í dag viðurkenna að sé löngu grafinn draugur. En það er sem sagt búid að núllstillta þetta í dag og ég hef fulla trú á að sólin eigi eftir að skína að nýju

Kallar alla íbúa sveitarfélagsins Ísfirðinga

- En hver er mesti ávinningurinn við sameininguna?

„Hann er sá að við setjum allt þetta landsvæði undir eina stjórn. Það er tekið sameiginlega á vandamálum svæðisins. Ég ætla að nefna Þingeyri sem dæmi. Fólk kann að virðast það öfugsnúið í stöðunni í dag að benda á dæmi frá Þingeyri sem kost við sameininguna. En ég bið bara alla góða Ísfirðinga, en það skal athugast að ég kalla alla íbúa Ísafjarðarbæjar Ísfirðinga, að hugleiða í hvaða stöðu Þingeyringar hefðu verið með sín mál ef við hefðum ekki átt þennan sameiginlega sjóð til að vinna að þeim málum sem óleyst voru þar. Það urðu þrengingar í atvinnulífinu á Þingeyri, en þörf íbúanna fyrir þjónustu sveitarfélagsins þurfti eftir sem áður að sinna. Tekju-samdráttur hreppsins hlaut óhjálpsamlega að fylgja sam-

í Dýrafirði.“

Stjórnsýslan er vandaðri og vinnubrögðin agaðri

- Eitt af því sem haldið var á lofti í sameiningarumræðunni, var að nýja sveitarfélagið yrði eitt atvinnusvæði og að nýfengnar samgöngubætur myndu stuðla að því. Hafa þær fyrirhvað fer úrskreiðis þá eru fleiri til að taka á áfallinu, byrðunum er einfaldlega jafnað á fleiri einstaklinga?

„Alls ekki. Að sækja vinnu milli hverfa í sveitarfélaginu er hið besta mál. Við höfum dæmi um að menn eru að sækja vinnu út og suður um allt sveitarfélagið og í næstu sveitarfélög. Hluti fólksins sem er á atvinnuleysisstrá á Þingeyri er kannski meður sem hafa hagað vinnu sinni þannig að þær hafa komist heim í hádegina til að hugsa um börnin o.s.frv. Ef þær þurfa að sækja vinnu annað þá er þeim ekki mögulegt að stunda samskonar heimilisrekstur og áður var. Mér finnst ekkert óeðlilegt þótt fólk fái einhvern aðlögunartíma að þessum nýja veruleika. Það er ekki með neinu móti hægt að ætlast til þess að við sameininguna hrökkvi fólk í einhvern nýjan gir og bruni götuna breiðu með sól og heiðríkju allt um kring. Menn verða að gefa öllum hlutum tíma og það sama á við þetta.

- Það var töluvert um gagnrýnisráddir í upphafi vegna nafnsins Ísafjarðarbær. Hafa þær ráddir þagnað?

„Nafnið var ákveðið á grundvelli skoðanakönnunar og niðurstöður hennar voru afgerandi. Ég hef ekki orðið var við óánægju með nafnið. Fólk er eðlilega missátt en mér fannst persónulega þetta vera heppilegasta nafnið af þeim sem í boði voru.“

-Íbúar minni byggða sveitarfélagsins hafa kvartað undan skorti á upplýsingum, seinangangi við afgreiðslu mála og að þjónusta við þá hafi skerast við sameininguna. Hverju svarar þú því?

„Það er rétt að því leyti að þjónusta, upplýsingagjöf og afgreiðslur mála eru ópersónulegri í dag en áður. Stjórnsýslan er allt önnur og hún tekur lengri tíma. Það stafar af því hvernig sveitarfélagið er uppbyggt. Við erum með nefndarfundi sem eru haldnir á ákveðnum tímum og svo fundar bæjarstjórn tvisvar í mánuði og afgreiðir málin. Kerfið í hreppunum var einfaldara og gekk út á að hreppsnefndin hittist og afgreiddi nær öll mál sí svona. Þarna liggur stærsti munurinn. Ég tel að stjórnsýslan sé fljótvirkari en var í Ísafjarðarkaupstað en seinvirkari en var í hreppunum. Hins vegar hefur það unnist að vinnubrögð eru agaðri. Stjórnsýslan nú er ekki eins nálæg en hún er öruggari. Við þurfum að einbeita okkur að því að auka upplýsingastreymi til fólksins ef skortur er á því. Ég minni þó á að við gefum annað slagid út fréttabréf, það eru gefin út tvö héradsfréttablað hér og við höfum svæðisútlit. Þannig að ég held að upplýsingum sé miðlað, en það er með allt öðrum hætti en var í hinum sveitarfélögum. Bæjarstjórnin hefur

auglýsta viðtalstíma og svarar símböðum ef þau eru lögð inn, þannig að aðgengi fólks að bæjarstjóranum er tiltölulega gott að mínu mati. Sviðsstjórnarnir eru með viðtalstíma og bæjarfulltrúarnir einnig þannig að fólk á greiðan aðgang að þeim líka. Hvað varðar beina þjónustu, þá held ég að hún virki ágætlega. Það koma auðvitað upp einstök tilvik þar sem eitthvað ber út af, en það er bara eins og gengur og gerist.

Sviðamessur - Gísli hefur ráðist á persónur

- Sviðamessugreinar Gísla Hjartar hafa einkennst af gagnrýni á stjórnsýslu Ísafjarðarbæjar og kannski sérstaklega á mannráðningar á vegum sveitarfélagsins. Lítið hefur verið um svör. Hefur þú einhver

kvæmt samþykktum kjörinna fulltrúa í hafnarstjórn Ísafjarðarbæjar og hefur unnið gott starf í þessu verkefni.

Hins vegar virði ég það við Gísla að hann skrifar undir nafni. Hér eru nefnilega fyrirbæri sem stunda háþólitísk skrif undir nafnleynd. Stakkur í Bæjarins besta er dæmi um það og ég veit ekki hvaða lítilmenni hefur tíma til að sýsla við slík skrif. Í mínum huga er þetta ómerkileg pólitík og það svarar henni enginn. Ef nafn væri við þessi skrif, þá gæfi það manni tækifæri til að rökkræða við viðkomandi. Því miður er það ekki hægt, því þú skylmast ekki við mann og hefur bundið fyrir augun.

Heimóttarháttur og nesjamennska



Kristján Þór Júlíusson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar tekinn á b

Hverjir hafa kinninni

svör við þessari gagnrýni?

„Ég get alveg svarað mál-efnalegri gagnrýni. Gísli hefur að minni hyggju fremur vegið að einstökum persónum heldur en stjórnsýslu sveitarfélagsins og „gagnrýni“ hans er ómál-efnaleg. Hann er með dylgjur í garð einstakra starfsmanna sveitarfélagsins fyrir að framfylgja ákvörðunum kjörinna fulltrúa og gerir lítinn sem engan greinarmun á kjörnum fulltrúum og starfsmönnum sveitarfélagsins. Gísli setur t.d. hlutina fram þannig, að hafnarstjóri og aðstoðarmaður bæjarstjóra hafi tekið það upp hjá sjálfum sér að skreppa til Flórída og skemma sér. Þetta ágæta fólk var að vinna sam-

Gísli hefur rétt mikið um ráðningar „utanbæjarmanna“ en ég blæs á slíkt tal. Þetta er bara heimóttarháttur og nesjamennska. Það er látið liggja að því að þetta fólk búi ekki í bæjarfélaginu, sem er alrangt. Þetta fólk hefur átt lögheimili hérna frá því það var ráðið til starfa og greiðir skatta og skyldur til Ísafjarðarbæjar. Ef þetta fólk er ekki Ísfirðingar, þá spyr ég: Hverjir hafa gæðavottunarstimpil á rasskinninni um að þeir séu Ísfirðingar? Hver tekur að sér að gefa út slíkt vottorð? Skilgreiningar á þessu yrðu sjálfsagt fjálmargar og þeir sem væru tilbúnir til að gefa álit sitt en að kalla þetta fólk utanbæjarmenn er einfald-

lega rangt. Það er kannski utanbæjarfólk á þeim tíma sem það sækir um störfin, en um leið og það er ráðið og hefur flutt lögheimili sitt hingað, þá er það Ísfirðingar. Skóla- og menningarfulltrúi Ísafjarðarbæjar er reyndar ekki með lögheimili í Ísafjarðarbæ, heldur í Bolungarvík, en er mjög góður starfsmaður þrátt fyrir það. Ég mun ekki gera kröfu um að hann flytji til Ísafjarðar, því ég lít á Ísafjörð og Bolungarvík sem eitt og sama atvinnusvæðið og reyndar Súðavík líka, þó svo ég viti að Bolvíkingar geri það ekki. Þetta blaður um utanbæjarmennina er svo lágkúrulegt, að þótt Gísli vinur minn Hjartarson sé að skrifa um þetta, þá hef ég bara ekki geð í mér til að svara honum.“

- Gísli segir að hérna sé nóg af hæfu fólki sem hægt væri að ráða?

árangurs. Um stöðu bæjarverkefnafræðings sótti fjöldi manns, en mat okkar var að Ármann Jóhannesson væri langhæfastur þeirra, enda hefur hann staðið undir væntingum. Krafa á hendur hverri sveitarstjórn er sú, að hún ráði hæfasta fólkið til starfa hverju sinni og það hlýtur að vera markmiðið. Bærinn liggur eðlilega vel við höggi vegna þess að laun starfsfólks eru greidd af skattpeningum en hvað ef menn líta sér örlítið nær og skoða: Skattstofuna, sýsluskrifstofuna, héraðsdóminn, útgerðirnar, skólana o.fl. o.fl. Á öllum þessum sviðum þurfum við á faglærðu fólki að halda. Sumt eigum við í héraði en annað þarf að sækja að. Svona hafa hlutirnir gengið fyrir sig í langan tíma og hér er ekkert nýtt undir sólinni.”

í framhaldsnám héðan, það mun eftir einhver ár t.d. fá vinnu sem tengist þjónustu sem skapast á grundvelli frumvinnslustarfa í þessu álveri. Það er ekki það að heima í héraði vilji menn ekki fá þetta fólk aftur til baka. Gagnrýni í þá átt er aragsti þvættingur sem slegið er fram til þess eins að skapa tortryggni. Við erum einfaldlega í þessari vörn - við erum að tapa þjónustunni frá okkur.“

- En fyllast heimamenn ekki minnimáttarkennd þegar þeir sjá að utanaðkomandi aðilar eru alltaf ráðnir í toppstöðurnar og hætta að sækja um þær?

„Nei, ég held ekki. Ég held hinsvegar að minnimáttarkenndin sé fólgin í þessum gagnrýnisróddum sem reyna að troða þessu upp á fólk. Ef við höfum hæfa einstaklinga á þessum sviðum þá munu þeir

reyna að halda áfram framkvæmdum við miðbæinn á Ísafirði. Þetta eru stærstu einstöku verkin fyrir utan framkvæmdir við snjóflóðavarnir á Flateyri.“

- Götur á Ísafirði eru margar illa farnar. Er ekki löngu tíma bært að endurnýja þær?

„Jú, en eins og með svo margt annað þá er þetta spurning um hvaða fjármunir eru til framkvæmda. Fjárfestingaáætlun hjá bæjarfélaginu er upp á 217 milljónir króna, þannig að við erum í rauninni ekki með mikið fé til framkvæmda.“

- Framkvæmdir við Hafnarstræti á Ísafirði hófust að margra mati of seint á síðasta ári en menn segja að það hafi orðið til þess að ekki var hægt að ljúka 1. áfanga áður en snjóa tók, sem aftur leiddi til þess að leiðin um miðbæ Ísafjarðar hefur verið lokað svo mánuð-

„Það vantar bara áráðna einstaklinga og fyrirtæki sem myndu treysta sér til að ráðast í byggingu verslunarhúsnæðis. Ef fólk hefur áhuga á efri hæðum einhverra bygginga í miðbænum, þá hygg ég talsverðir möguleikar séu fyrir hendi, t.d. tvær hæðir í kaupfélagshúsinu. En það eru til lóðir til bygginga, ef einhver hefur áhuga.“

Stöndum við ákvæði laga um einsetningu grunnskólans

- Hvernig miðar vinnu við að einsetja grunnskólana? Er eitthvað hæft í að bærinn hugsi sér Norðurtangahúsið sem væntanlegt framtíðarhúsnæði fyrir grunnskóla?

„Vinnunni miðar ágætlega að því leytnu til, að fræðslu-

ákvæði laga þar um, en þau skylda sveitarfélögin til að ljúka einsetningu skóla árið 2003.“

Ísafjarðarhöfn hefur setið eftir

Kristján Þór er formaður Hafnarsambands sveitarfélaga og því var tækifærið notað til að fá álit hans á nokkrum atriðum þar að lútandi.

- Nú virðist hlutur Vestfjarða í fjárveitingum ríkissjóðs til hafnagerða hafa rýrnað nokkuð síðustu ár og er ekki nema 11% af heildarfjárveitingum ríkisins á þessu ári, miðað við 17-20% á árunum 1981-1993. Hvað veldur?

„Framkvæmdir við Bolungarvíkurhöfn gætu hafa vegið töluvert þungt á þessu tímabili sem þú nefnir. Eins getur verið



Ísfilsson,
Ísafjarðar-
einið

fa gæðavottunarstimpil á rass- um að þeir séu Ísfirðingar?

„Við eigum fullt af hæfu fólki, það er alveg rétt. Nýjasta ráðningin hjá okkur var í stöðu skóla- og menningarfulltrúa og hverjir sóttu um frá Ísafirði? Enginn, eftir því sem ég best man. Rúnar Vífilsson hefur búið á Vestfjörðum að meira eða minna leyti í 19 ár. Þórir Sveinsson, fjármálastjóri, hefur búið hér síðustu 6-7 árin. Er hann ekki Ísfirðingur? Jón Tynes, félagsmálastjóri, á ættir að rekja til Ísafjarðar og þegar hann flytur frá Noregi til Íslands er hans fyrsta heimili á Bakka í Hnífsdal. Þórunn Gestsdóttir var fyrst ráðin sem upplýsinga- og ferðamálafulltrúi, en þá var búið að leita að manneskju í starfið í tvö ár án

Minnimáttarkenndin er fólgin í gagnrýnisróddunum

- Þetta vekur upp spurningu um hvort Vestfirðingar séu þá kannski einungis liðtækir í undirstöðu atvinnuveginum, við fiskvinnslu í frystihúsum?

„Nei, ég vil ekki meina það. Þetta er ekki einstakt fyrir Vestfirði. Samfélagið er að byggja þjónustuna upp í Reykjavík. Hvað halda menn t.d. að verði til mörg sérhæfð störf á höfuðborgarsvæðinu út af álverinu í Hvalfirði. Við erum alltaf að búa þetta til sem þýðir að fólk, sem er er að fara

sækja um störf, um það er enginn efi í mínum huga.“

Framkvæmdir á vegum Ísafjarðarbæjar

- Hverjar eru helstu framkvæmdir á vegum Ísafjarðarbæjar á þessu ári?

„Í stuttu máli þá eru það númer eitt tvö og þrjú, nýr leikskóli á Ísafirði, en það er langstærsta og brýnasta framkvæmdin. Síðan er það áfangi við byggingu Safnahúss, en menn gæla við að reyna ljúka framkvæmdum við það á næsta ári og taka það þá í notkun. Gatnaframkvæmdir verða miklar og þeirra stærst er að

um skiptir. Voru rangar ákvarðanir teknar í þessu máli?

„Það má alveg til sanns vegar færa að verkið hafi hafist of seint, en ef maður ætlaði að fara að hártogast eitthvað um þetta þá mætti alveg eins segja að það hafi byrjað að snjóa aðeins of snemma, því það munaði aðeins hálfum mánuði að hægt væri að ljúka þessari. En ég er sammála þessari gagnrýni um að verkið hafi hafist of seint. Ég get þó fullyrt að menn munu reyna að halda öðruvísi á málunum í framhaldinu.“

- Verslunarhúsnæði á Eyrinni er af skornum skammti og eftirspurn virðist töluverð. Er eitthvað til ráða?

nefndin er nú með til umfjöllunar áfangaskýrslu sem er áætlun um einsetningu grunnskólanna. Þar eru nefndar til sögunnar fjórar leiðir sem eru misdýrar og misjafnlega aðlaðandi. Það er rétt að meðal hugsanlegra leiða til úrbóta hefur verið rætt um möguleikann á að gera Norðurtangahúsið að skóla. Ég vil þó í þessu sambandi ítreka það að eftir er að taka endanlega ákvörðun um hvaða leið verði farin og ég veit ekki á þessu stigi hver niðurstaðan verður. Það er ljóst að það þarf að koma til töluverð fjárfesting svo markmiðinu um einsetningu verði náð, en við ætlum okkar að reyna að standa við

að þingmenn Vestfjarða hafi orðið að semja við aðra þingmenn um skiptingu fjárveitinga vegna stórfamkvæmda í öðrum fjórðungi, en það eru bara getgátur hjá mér. Þetta fer eftir stöðu framkvæmda í hverjum fjórðungi. Ef það hefur verið unnið mjög mikið á Vestfjörðum þetta tiltekna tímabil, þá gæti verið komið að öðrum kjördæmum að njóta forgangs.“

- Samkvæmt hafnaáætlun 1997-2000 er ríkisstyrktur hlutur Vestfjarða á þessu tímabili 265 milljónir eða 13,8% af heildarfjárveitingum ríkisins. Af því er hlutur Ísafjarðarbæjar 191 milljón á meðan hlutur t.d. Vesturbyggð-

en við erum ekki komin með niðurstöðu í þetta mál. Ráðuneytið er að vinna í þessu.“

– Í viðtali í Vestra um daginn, sagði Magnea Guðmundsdóttir, bæjarfulltrúi Ísafjarðarbæjar, að varnargarðarnir á Flateyri væru þeir fyrstu sinnar tegundar og því væri um hálfgerða tilraun að ræða. Verður fólk nokkuð öruggt undir görðunum í ljósi þess að þetta sé einhver tilraun?

„Ég veit ekki hvort við eigum að líta á þetta sem tilraun. Ég lít á varnargarðana sem lið í að verja byggðina á Flateyri. Hvort fólk verði einhvern tímann öruggt undir görðunum fer sjálfsagt eftir karakter manna. Þetta er spurning sem erfitt er að svara, en ég hef fullan skilning á afstöðu þessa fólks og sama gildir örugglega um aðra sem reyna að setja sig í þess spor.“

Þetta er ekki öruggasta starf í heimi

– Það hefur heyrst á götuhornum að þú hyggist hverfa frá Ísafirði á næstunni og styðja menn mál sitt þeim rökum, að þú sért farinn að undirbúa brottför nú þegar með því að gerast stjórnarformaður í Samherja hf. Hverju viltu svara þessum getgátum?

„Það ganga alltaf einhverjar sögur. Við þurfum ekki annað en að lesa sögurnar hans Gísla Hjartar í Vestra, þar sem sumt er satt og annað logið. Það er ekkert hæft í þessu. Ég er með minn ráðningarsamning við bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, sem var gerður í júní 1996, en hann gildir út kjörtímabilið. Þetta er annar ráðningarsamningurinn sem ég geri hérna og ég er einfaldlega vanur að standa við samninga sem ég geri, hvort sem þeir eru munnlegir eða skriflegir. Hvað við tekur að loknu kjörtímabili hef ég ekki græna glóru um og raunar enginn. Þetta er ekki öruggasta starf í heimi og maður veit ekki alltaf hvernig vindar blása í sveitarstjórnarmálum. Það er ekkert fararsnið á mér í dag eða á morgun og ég mun vinna áfram eftir mínum ráðningarsamningi. Ég kann ágætlega vel við mig hérna. Ég hef mikið að gera, en það hefur mér einfaldlega alltaf líkað. Stjórnarformennskan í Samherja kemur þessu ekkert við. Sjávarútvegur er áhugamál hjá mér og raunar eina áhugamál mitt utan heimilisins. Ég er ekki í neinum klúbbi.“

Laun bæjarstjóra þykja fréttamatur

– Svæðisútlit Norðurlands var með umfjöllun um launakjör bæjarstjóra fyrir norðan og fékk þær upplýsingar út á ný lög um upplýsingaskyldu. Hvað finnst þér um þetta – værir þú til í að upplýsa um þitt kaup og kjör?

„Mér finnst þetta bara hið besta mál í sjálfu sér. Ég hef raunar alltaf verið þeirrar skoðunar að laun bæjarstjóranna ættu að vera sem mest sýnileg og laun bæjarstjórans ættu helst að vera ein ákveðin fjárhæð. Það sem mér finnst hálf hallærislegt, er að þegar Svæðisútlit Norðurlands

hafði fjallað um þetta, þá komu allir hinir fjölmiðlarnir í kjölfarið, eins og þeirra var von og vísa. Fjölmiðlar gleypa nefnilega upp menn og málefni hver eftir öðrum. Dagur-Tíminn er búinn að hafa samband við mig og ég var að fá fax frá Svæðisútliti Vestfjarða og ég svara þessu að sjálfsögðu um hæl, því mér finnst þetta ekkert feimnismál. Upplýsingalögin munu vonandi verða til þess m.a. að þessir launasamningar verði einfaldaðir á þann hátt, að launagreiðslur verða ekki faldar út og suður. Ég verð að sæta því á meðan ég er í þessu starfi, að það þyki fréttamatur hvaða laun bæjarstjórar hafi. Það er eðlilegt að gefa það upp ef einhverjir hafa áhuga. Mér finnst hins vegar umræðan um þessi launakjör oft æði sérkennileg og samhengislaus, en það er svo annað mál.“

Að poppa upp fréttir

– Hvernig hafa vestfirskir fjölmiðlar staðið sig? Hvert ætti hlutverk þeirra að vera? Eiga þeir að halda uppi umfjöllun um einstök bæjarmál?

„Þeir standa sig misvel. Stundum bregður það við að þessir fjölmiðlar eru að reyna vera fyrstir með fréttirnar, sem er aðáunartvert út af fyrir sig en í ljósi aðstæðna hálf vonlaus barátta. Blöðin koma út einu sinni í viku og Svæðisútlitið sendir út í 26 mínútur þrisvar í viku. Ég kenni nú einna mest í brjósti um Svæðisútlitið, því að það er stundum að reyna að vera í einhverjum hasarfréttum. Það er hins vegar ekki auðvelt hlutskipti þegar umfjöllunin tekur yfir svona stórt kjödæmi með fáa íbúa. Ég hef á tilfinningunni að það sé stundum verið að reyna að búa til spennu, poppa upp fréttir og það er örugglega ekki auðvelt. Mér finnst íhugunarvert hvernig vinnubrögð fjölmiðla eru.“

Ég var að lesa grein í blaði sem samband danskra sveitarfélaga gefur út, en þar er m.a. fjallað um hvernig fréttamenn og pólitíkusar hafa tapað heildarsýninni og að fjölmiðlarnir gleymi sér í umfjöllun um einstök mál. Þetta sér maður endurspeglast í fjölmiðlum á Íslandi, þar sem menn eru einmitt í einstökum málum eins og t.d. launakjörum bæjarstjóra. Launakjörin eru persónugerð í stað þess að litid sé til alls launaumhverfisins og það metið og vegið. Í þessu danska blaði er þessu lýst sem svo: að danskir fjölmiðlamenn séu orðnir hálfgerðir málalíðar sem séu gjörsamlega trúlaus hópur af Samúræjum, sem ferðist um og selji sverðið sitt hæstbjóðanda. Þetta er kannski ekki mjög áberandi hérna, en maður sér stundum sverðaförin á sumum fjölmiðlum. Það er verið að selja árásir eða umfjöllun um persónur, án þess að reyna tengja það samfélaginu sem þær eru að vinna í. Ef menn vilja fá almennilega og upplýsandi umfjöllun þá vinna þeir ekki svona.“

Enginn fjölmiðill getur verið óháður

Hlutverk fjölmiðlanna hérna á m.a. annars að vera að veita íbúunum upplýsingar um það



sem er að gerast hverju sinni og veita þar með kjörnum fulltrúum, opinberum starfsmönnum o.s.frv., aðhald. Það getur enginn fjölmiðill verið óháður. Það getur enginn fréttamaður verið án afstöðu. Hverslags afstyrmi er viðkomandi, ef hann hefur enga afstöðu?

– Hvernig er hægt að snúa þessari þróun við?

„Við eigum ekki að horfa fram hjá því sem miður fer, en við eigum kannski að taka á því með öðru hugarfari en við gerum. Mér finnst menn horfa oft til hluta eins og þeir telji sig ekki tilheyra þessu samfélagi. Ísafjarðarbær er ekki

óeðlilegt, en sveitarstjórnarmennirnir gera lítið annað en að endurspegla það umhverfi sem þeir þrífast í.“

– Hvernig er hægt að snúa þessari þróun við?

„Við eigum ekki að horfa fram hjá því sem miður fer, en við eigum kannski að taka á því með öðru hugarfari en við gerum. Mér finnst menn horfa oft til hluta eins og þeir telji sig ekki tilheyra þessu samfélagi. Ísafjarðarbær er ekki

myndaður af öðru fólki en Ísafirðingunum öllum sem byggja hann. Það er ekki einkamál Jóns eða Gunnu, hvernig fer með einhver mál. Við erum hluti af þessari heild og við verðum að fara að skynja okkur sem slík, vegna þess að enginn býr til okkar sögu nema við sjálf.“

– Þar með hafði öllum spurningunum verið svarað. Klukkan var langt gengin í fjögur og Kristján hafði bara verið nokk-

uð þolinmóður, þrátt fyrir að bæjarstjórnarfundur væri í þann veginn að hefjast. Hann hafði reyndar nikkað höfðinu nokkrum sinnum í átt að veggklukkunni til að leggja áherslu á að hann hefði ekki mikinn tíma aflögu. En Kristján er greinilega maður sem vill klára þau mál sem hann er byrjaður á og því hefur hann vafalaust frekar viljað gefa þessu meiri tíma, en að þurfa að fá blaðamann aftur í heimsókn.

Landsbankahlaupið
24. maí

Mæting kl. 10:30
við þróttavaliðsmúsið
á Torngesi
Hlaupið hefst kl. 11:00
Landsbanki Íslands og FFI
eigna til ólaga Landsbankahlaups.
Hvaða segjum 24 maí.

Hlaupið er ætíð ókeypis
sem hlaupit en 1994-1987

Skranir fer fram í öllum útboðum
og öngin öngin þar sem
þar hefur stífla þess
upplýsingar.

Mér fá vonðbundnari
að hlauti lokna.

Takið þess hlautu þess
þess hlautu með

SPORTKLÚBBUR Landsbanka Íslands

Ofbeldi eða neyðarvörn

Enn stendur verkfall á Vestfjörðum, að minnsta kosti sums staðar. Nýjustu fréttir eru af útrás svokallaðra verkfallsvarða til Hvammstanga, Hafnarfjarðar og Reykjavíkur til að stöðva meint verkfallsbrot. Fremst í flokki fer Aðalheiður Steinsdóttir, tiltuð varaformaður ASV í útvarpi síðasta mánudag. En hvað eru verkfallsverðir og hver er staða þeirra? Eru þetta bara ofbeldismenn, ótýndir spellvirkjar sem taka lögín í sínar hendur og skýla sér bak við þann skjöld, að þegar verkfalli lýkur séu allir svo fegnir að ekki verði fleira að gert? Er einhver skilgreining til í lögum?

Best er að svara síðustu spurningunni fyrst. Verkfallsvarsla er fremur óljóst fyrirbrigði, fyrst og fremst byggð á hefð. Hún er ekki til í lögum, alveg dulín. Þar finnst hún ekki. Verkalýðsfélögum hefur liðist að gera nánast það sem þeim sýnist til að koma í veg fyrir verkfallsbrot. Þau hafa einnig haft fremur óljósa merkingu, en munu tákna allt sem gert er til að koma í veg fyrir óþægindi eða tjón af völdum verkfalls og virðist þá ekki skipta máli hvort þau bitna á samningsaðila sem stendur í verkfalli eða óskuldum aðila. Alltaf finna verkfallsverðir skyldleikann enda sennilega fátt heilagt í baráttu fyrir bættum kjörum.

Ólögmeitt athæfi?

Áður fyrr létu allir það yfir sig ganga, að verkfallsverðir gerðu allt sem í þeirra valdi stóð til að óþægindin yrðu sem mest. Guðmundur J. Guðmundsson fyrrum formaður Dagsbrúnar komst til áhrifa fyrir það meðal annars, að hella niður mjólk, sem börn frá Selfossi ætluðu að færa ættingjum sínum 1955. Að vísu viðurkenndi Jakinn löngu síðar að hann hefði ekki átt að hella niður mjólkinni fyrir Þorsteini Pálssyni, sem ætlaði hana ömmu sinni. Mættu núverandi verkalýðsforingjar taka sér til fyrirmyndar þennan breytta hugsunarhátt.

Verkfallsverðir eru nákvæmlega það sem verkalýðsfélögin ákveða, ekkert annað. Þeir telja sig ekki þurfa að lúta lögum, sem gilda um aðra, enda hafa ekki gilt um þá sérstök lög. Þeir stöðva umferð bifreiða, ökumanna sem ekki standa í kjaradeilu og eru ekki einu sinni í viðkomandi verkalýðsfélagi. Engu skiptir þótt um sé að ræða sjálfstæða verktaka, akandi fyrir vinnuveitendur utan kjaradeilu.

Þarna gleymist það meginatriði, að deilur tveggja eiga ekki að bitna á þriðja aðila, sem á þar engan þátt að máli. Að minnsta kosti á það ekki að gerast umfram það sem fylgir verkfalli eða verkbanni beint. Í þessum efnum hafa verkfallsverðir gengið allt of langt á undanförunum vikum. Þannig skaða þeir málstaðinn til frambúðar með ólögmeitum aðgerðum.

Samúðarverkfall gleymt?

En hvað um Hvammstangaförina? Klárað var að að landa úr Framnesinu, en gert var samkomulag um að verkalýðsfélag staðarins landaði ekki framvegis úr skipum af Vestfjörðum meðan verkfall stæði. En er hægt að gera slíkt samkomulag? Nei ekki nema til komi samúðarverkfall. Í meintri nauðvörn gleymdist þetta atriði.

Um einhvern tíma enn tekst að bjóða landslýð upp á þann sorglega skripaleik sem þjóðin starir á í forundran. Það er hræsni þegar önnur verkalýðsfélög, sem hafa samið um kaup og kjör, reyta fé í verkfallssjóði hér vestra. Ekki fara saman orð og gerðir í stuðningi við ASV. Væri ekki nær að leita skynsamlegra raka fyrir launakröfum og huga að haugsmunum verkafólks eða er svo komið að aðalmennirnir láta sig engu skipta framtíð fiskvinnslu á Vestfjörðum? Svo virðist sem Eiríkur Stefánsson verkalýðsforingi á Fáskrúðsfirði hafi rétt fyrir sér, að kjarasamningar séu ekki á færi verkalýðsfélaganna, til þeirra þurfi sérfræðinga. Finnið þá.

Reisn Vestfirðinga

Allir verða að taka á og finna lausn á kjaradeilunni. Svo virðist sem allt sé mótdrægt Vestfirðingum. Vonleysi grípur um sig þegar krafturinn, sem áður einkennði fjórðunginn, sést ekki lengur. Verkfallið sem er á skjön við kjarasamninga annars staðar er enn eitt dæmi þess að Vestfirðingar skera sig úr, en ekki lengur vegna frumkvæðis. Laun eru almennt of lág á Íslandi og munu ekki hækka vegna kjaradeilunnar sem nú stendur, því miður. Það er pólitískt verkefni að finna lausn í samvinnu við aðila vinnuarkaðarins.

- Stakkur



Verslið þar sem úrvalið er

...Gaui, einfaldlega bestur

Vídeó Höllin

- við Norðurveg

456 4853

TOPP 10 MYNDBÖND HJÁ VÍDEÓHÖLLINI

1. Chain Reaction
2. Dragonheart
3. A Time to Kill
4. Associate
5. Adrenalin
6. Tin Cup
7. Courage under Fire
8. The Fan
9. Multiplicity
10. Sapotage

http: 3 góðar NETINU

<http://www.toto.is/oi/gsse97ic/>

Á heimasíðu sjöundu smáþjóðaleikana er hægt að fá allar upplýsingar um leikana sem haldnir verða 2. til 7. júní.

<http://arctic.is/itn/>

Á íslenska ferðanetinu er hægt að nálgast gríðarlegar upplýsingar um Ísland bæði til fróðleiks og ef þú á eftir að skipuleggja sumarfríð.

<http://www.planetexplorer.com>

Þeir eru margir furdulegir staðið á plánetunni okkar, sem eru verðir þess að kíkja á.

SPÓLAN TÆKINU



Dragonheart

Dragonheart er stórskemmtileg ævintýramynd sem segir frá Bowen sem er göfugur og vopnfimur riddari og drekanum Drago sem reynir að telja hann trú um að allir drekar séu ekki illir.



Horfur á föstudag: Fremur hæg suðvestlæg átt, skýjað og dálítil súld um landið vestanvert en léttskýjað austan til. Hiti 5 til 12 stig, hlýjast austan til.

Horfur á laugardag og sunnudag: SV strekkingur og rigning með köflum sunnan og vestan til en skýjað að mestu á Norðurlandi. Hiti 6 til 14 stig, hlýjast norðaustan til.

Horfur á mánudag: Norðvestlæg átt, léttskýjað og hlýtt suðaustan til en svalt og víða rigning annars staðar.

Til sölu **Lada Sport** árgerð 1988, skoðuð '98, verð kr. 95 þúsund. Upplýsingar í síma 456 7284

Til sölu rautt **telpnareihjól**, 20", 6 girar. Selst mjög ódyrt. Upplýsingar í síma 456 8393

Til sölu fjögur 13" **sumardekk**, 155/70, og grjótrind. Upplýsingar í síma 456 3224

Til sölu er Hafraholt 16 á Ísafirði, sem er **raðhús** á tveimur hæðum. 4 svefnherbergi. Laust 1. júní. Upplýsingar í síma 456 4734

Brautarholt 12 á Ísafirði, sem er einbýlishús ásamt bílskúr, er til sölu. Upplýsingar í síma 456 3627

Til sölu stuttur **Mitsubishi Pajero**, árg. '83. Fer að þarfnast aðhlyningar. Verð kr. 150 þúsund. Upplýsingar í síma 456 4689.

Ég óska eftir að sendast fyrir hin og þessi fyrirtæki á Ísafirði. Er á reiðhjól með stóran vagn aftan í. Upplýsingar í síma 456 4184 í hádeginu og 456 5460 á morgnana. Gulli.

Til sölu mjög góður **kerruvagn**. Upplýsingar í síma 456 3037

Til sölu **páfagaukur ásamt búri**. Upplýsingar í síma 456 4340

Til leigu er mjög falleg 3ja herbergja **íbúð m/sundlaug**,

rétt sunnan við Torrevija á Spáni, í sumar. Upplýsingar í síma/fax 00346 6704589

Til sölu **Chevrolet Monza**, árg. '88, ekinn 130 þús. km. Ný vél, ekin 10 þús km, Skipti koma til greina á minni bíl. Upplýsingar í síma 456 5306, eftir kl. 18.

Til sölu Combi Camp **tjaldvagn** í góðu lagi. Verð kr. 45 þúsund stgr. Upplýsingar í síma 894 6850

KAUP & SALA ÓKEYPIS SMÁUGLÝSINGAR

Til sölu **Nissan Sunny** 1,6 SLX, árg. '93. Mjög vel með farinn. Skipti á ódyrari möguleg. Upplýsingar í síma 456 4455

Til sölu **alvöru fjallahjól**, Trek 9500, 26", árg. '95, 24 girar. Stíllanlegir demparar að framan og aftan. Upplýsingar í hs. 456 5326 og vs. 456 5123, Krummi.

Loðinn **kettling vantar heimili**. Upplýsingar í síma 456 4087

Til sölu gott 2ja ára **kvenreiðhjól**, lítið notað. Upplýsingar í síma 456 3847, Kristín.

Til sölu **Móholt 9, Ísafirði**, sem er 160m² ásamt bílskúr. Upplýsingar í síma 456 3629

Óska eftir hjóli m/hjálpardekkj-

um fyrir 4 ára stelpu, gefins eða ódyrt. Upplýsingar í síma 456 3103

Aðalfundur litla leikklúbbsins verður í kvöld, 22. maí kl. 20:30 í Edinborgarhúsinu. Nýjir félagar velkomnir. Stjórnin.

Til sölu Willys árg. '66, lengri gerð, hálf uppgerður. Einni til sölu Benz '81, 5 cyl, sjálfskiptur og mikið af varahlutum í BMW 318i

'82. Upplýsingar í síma 434 1166 eða 852 7544.

Til sölu **Isuzu jeppi**, árgerð '84, bensín. Verð kr. 100 þúsund. Upplýsingar í síma 456 6236

Til sölu **Silvercross** barna-kerruvagn. Upplýsingar í síma 456 3863

Til leigu 130m² einbýlishús ásamt bílskúr í Bulungarvík. Upplýsingar í síma 553 7309, eftir kl. 21.

Til sölu vel með farið **hjólhýsi**. Upplýsingar í síma 553 7309 eða 456 3822

Til sölu **Toyota Hilux tjónabíll**, yfirbyggður, 5 manna, árg. '82. Upplýsingar í síma 456 3217

Til sölu **Paradiso fellihýsi**. Til sýnis að Sundstræti 32, Ísafirði.

Upplýsingar í síma 456 3703, eftir kl. 17

Til sölu 100 ltr. hitakútur og lítill ísskápur. Upplýsingar í síma 456 3703, eftir kl. 17

Óska eftir ódyrum **farsíma**, má vera gamall. Upplýsingar í síma 456 4244

Til sölu **Urðarvegur 49**, efri hæð, sem er 180m² ásamt bílskúr. Upplýsingar í síma 456 4244

Reglusöm fjölskylda óskar eftir að leigja 4-5 herbergja íbúð, raðhús eða einbýlishús á Ísafirði, Hnífsdal eða Bolungarvík. Upplýsingar í síma 456 5374

Til sölu er Samit **kassabassi**. Upplýsingar í síma 456 7062

Til sölu vel með farinn **Citroen AX** 10, árg. '87. Upplýsingar í síma 568 9778 eða 845 8668

Óska eftir mjög skitugum bíl með veðruðu lakki, skitugum sætum, ryðblettum ofl. Notast í sýningu 7-8. júní. Upplýsingar í síma 456 5196

Brúnir kuldaskór nr. 32 gleymdust á Hótel ísafirði fyrir u.þ.b. 2-3 vikum. Upplýsingar í síma 456 4111

Hef áhuga á að **passa börn** hálfan daginn í sumar. Er 14 ára og hef m.a. unnið á leikskóla síðastliðið sumar. Upplýsingar í síma 456 3813, Brynjar.



UM HELGINA

Það allra nýjasta og ferskasta í langan tíma, hljómsveitin



8

VILLT

18 ár


Hljómsveitin er að gera allt vitlaust og á eitt vinsælasta lagið á Bylgjunni í dag

Maettu á stórskemmtilegan dansleik í Sjallanum á laugardagskvöld til kl. 03:00

Föstudagskvöld til kl. 03.00 - Diskótek

ÍSAFJARÐARBÍÓ

The Ghost and the Darkness



Fimmtudag og föstudag kl. 21:00

Sunnudag og mánudag

Metro



kl. 21:00

Arnar G. Hinriksson hdl.

Silfurtorgi 1 • Ísafirði • Sími: 456 4144 • Fax: 456 4243

Fasteignaviðskipti

Eftirtaldar eignir eru einungis sýnishorn úr sölu-skrá okkar, leytið nánari upplýsinga á skrifstofu.

ÍSAFJÖRÐUR:

Fjarðarstræti 14: 95m² sérhæð í tvíbýlishúsi ásamt 2/3 hluta kjallara og geymsluskúr. Tilboð óskast.
Stórholt 11: 3ja herbergja íbúð á 3. hæð fyrir miðju. Laus. Verð 4.300.000,-
Sunnuholt 1: Eitt glæsilegasta einbýlishúsið í bænum. 277m² ásamt 40m² bílskúr. Verð 15.500.000,-
Dalbraut 10: 115m² einbýlishús ásamt bílskúr. Skipti á íbúð í Hafnarfirði koma til greina. Verð: 7.800.000,-
Miðtún 31: 190 m² endaraðhús á 2 hæðum. Tilboð óskast.

Mánagata 6: Efri hæð 155m² 5-6 herbergja. Laus fljótlega. Verð: 6.300.000,-
Silfurgata 11: 3ja herbergja íbúð á 1. hæð. Verð: 4.000.000,-
Stakkanes 6: Rúmlega 140m² raðhús ásamt bílskúr og sólstofu. Verð 11.500.000,-
Mjallargata 6: Norðrendi, 2x40m² 4ra herbergja íbúð ásamt tvöföldum bílskúr. Íbúðin er laus. Verð: 3.600.000,-
Strandgata 7: Þetta hús er nú til sölu á aðeins kr. 6.500.000,-
Pólgata 4: 5 herbergja íbúð á 3. hæð. Verð: 3.600.000,-



Urðarvegur 60: Glæsilegt raðhús, alls rúmlega 200m², ásamt bílskúr. Skipti á minni eign á eyrinni koma til greina. Tilboð.



Ljósaland 6: 2x126m² einbýlishús. Hagstæð lán. Verð: 4.000.000,-

BOLUNGARVÍK:

Stigahlíð 2 og 4: 2ja og 3ja herbergja íbúðir. Verð: 1.500.000,- til 3.000.000,-
Völusteinsstræti 9: 130m² einbýlishús ásamt bílskúr. Verð kr. 6.800.000,-
Völusteinsstræti 28: 150m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Nýuppgerð að utan. Verð: 7.000.000,-
Kirkjuvegur 2: 214m² glæsilegt einbýlishús með innbyggðum bílskúr. Laust samkvæmt samkomulagi.
Hafnargata 46: Allt húsið. Selst ódyrt.
Traðarland 10: Einbýlishús ásamt bílskúr. Verð: 7.200.000,-
Traðarland 24: 200m² einbýlishús í lélegu ástandi. Selst ódyrt á góðum kjörum.
Vitastígur 11: Neðri hæð. 82m² 3ja herbergja íbúð. Tilboð óskast.
Vitastígur 21: 3ja herbergja íbúð á efri hæð. Laus eftir samkomulagi. Verð: 2.600.000,-
Völusteinsstræti 4: 2x126m² einbýlishús. Skipti á minni eign koma til greina. Verð 9.500.000,-

SUÐUREYRI:

Hlíðarvegur 3: 147m² tvílyft einbýlishús auk 40m² bílskúrs. Eignin er í mikilli niðurníðslu og selst ódyrt.
Aðalgata 9: U.þ.b. 90m² einbýlishús.

FLATEYRI:

Ránargata 5: Gamalt járnlegið timburhús sem er illa farið. Verð 500.000,-

PINGEYRI:

Fjarðargata 6: Einbýlishús á 2 hæðum. Húsið er illa farið og selst ódyrt.
Vallargata 6: 98,6m² raðhús á einni hæð. Verð 2.600.000,-

PATREKSFJÖRÐUR:

Strandgata 11A: Einbýlishús á tveimur hæðum ásamt kjallara. Húsið er illa farið að innan, en ný klætt að utan. Verð: 2.600.000,-

BARÐARSTRÖND:

Þverá: Einbýlishús í fögru umhverfi í grend við Vatnsfjörð á Barðarströnd. Verð: 3.500.000,-



ÍSAFJARÐARBÆR

SUMARSTARF Á UPPLÝSINGA-MIÐSTÖÐVUM FERÐAMÁLA

Störf á tveimur upplýsingamiðstöðvum ferðamála í Ísafjarðarbæ, á Ísafirði og Þingeyri eru laus til umsóknar. Krafist er góðrar tungumálakunnáttu og almennrar menntunar. Laun samkvæmt kjarasamningi FOS Vest. Umsóknarfrestur er til 29. maí nk. Upplýsingar gefur undirrituð. Aðstoðarmaður bæjarstjóra.

Aðalfundur

Vélbátaábyrgðarfélag Ísfirðinga verður haldinn fimmtudaginn 28. maí nk. á Hótel Ísafirði kl. 14:00

Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf.

Stjórnin.

BAKKI

Bakki hf. óskar eftir að taka á leigu einbýlishús eða raðhús með bílskúr á góðum stað í Bolungarvík.

Nánari upplýsingar gefur Björgvin í síma 456 7500 eða 8940975.



Tónlistarskóli Ísafjarðar

Austurvegi 11 • 400 Ísafjörður • Sími 456 3926

Skólaslit

Skólaslit og lokahátíð Tónlistarskóla Ísafjarðar verða haldin í hátíðarsal Grunn-skólans á Ísafirði, föstudagskvöldið 23. maí kl. 20:30.

Tónlistarflutningur

Ávörp

Afhending skírteina og verðlauna.

Allir velkomnir, skólastjóri.



RAUÐI KROSS ÍSLANDS

ÍSAFJARÐARDEILD

Aðalfundur

Ísafjarðardeildarinnar verður haldinn mánudaginn 2. júní 1997 kl. 20:30 að Árnagötu 2, 2. hæð.

Venjuleg aðalfundarstörf.

Stjórnin.

CLARINS
kynning á föstudag

KEISMA
LÍONINU SKÓLÓI
456 4414

ÓHÁÐ FRÉTTABLAÐ Á VESTFJÖRDUM

Bæjarins besta

CLARINS
kynning á föstudag

KEISMA
LÍONINU SKÓLÓI
456 4414

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: hprent@snerpa.is • Verð kr. 170 m/vsk


Framhaldsskóli Vestfjarða

Á annan tug stúdentabrautskráðir

Framhaldsskóla Vestfjarða verður slitið með hefðbundinni athöfn í aðalsal skólans kl. 13 á laugardag. Brautskráðir verða allmargir nemendur með véla- varðarpróf og fáeinir með 2. stigs vélstjórnarpróf auk nokkurra nemenda sem lokið hafa sjúkraliða- og verslunarprófi.

Þá munu væntanlega þrír nemendur brautskrást með iðnpróf og nálægt tuttugu nemendur munu fá stúdentsprófskrteini. Á skólaslitunum fer fram tónlistarflutningur auk þess sem ávörp verða flutt, m.a. af hálfu afmælisárganga, sem brautskráðust á sínum tíma frá

Menntaskólanum á Ísafirði. Gert er ráð fyrir að athöfnin standi yfir í eina og hálfu klukkustund og eru allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir. Á það skal bent að athöfnin í ár hefst fyrir á degi en oft hefur verið.



Framhaldsskóla Vestfjarða verður slitið á laugardag.

Vestfirðir

2,2% atvinnuleysi í apríl

Atvinnuleysi í aprílmánuði jafngildir því að 6.288 manns hafi að meðaltali verið á atvinnuleysisráð í mánuðinum, sem jafngildir um 4,7% af áætluðum mannafla á vinnumarkaði.

Að meðaltali búa um 65% atvinnulausra á höfuðborgar-

svæðinu og um 35% á landsbyggðinni. Atvinnuleysi á landsbyggðinni var hlutfallslega mest á Norðurlandi vestra eða 5,3%, þá kemur höfuðborgarsvæðið með 5,2%, þá Norðurland eystra með 4,4% og Suðurnesin með 4,3%, en þar jókst atvinnuleysið hlutfalls-

lega mest.

Á Suðurlandi var 4,0% atvinnuleysi í apríl, 3,6% á Vesturlandi, 3,2% á Austurlandi og 2,2% á Vestfjörðum. Í frétt frá Vinnuáskrifstofu kemur fram að búast megi við að atvinnuleysi minnki í maímánuði.

Vegaframkvæmdir í Ísafjarðardjúpi

Hagvon átti lægsta tilboð

Hagvon í Króksfjarðarnesi átti lægsta tilboð í lagningu vegar frá Strandseli að Ögri í Ísafjarðardjúpi. Sex tilboð bárust í verkið en kostnaðar- áætlun hljóðaði upp á 45,5 milljónir króna.

Tilboð Hagvonar var 31,9 milljón króna, Fylling hf., á Hólmavík bauð 37,7 milljónir,

Græðir á Flateyri bauð 40,6 milljónir, Jón og Magnús ehf., á Ísafirði buðu 45,1 milljón, Sveinn Árnason í Varmahlíð bauð 46,3 milljónir og JVI hf., í Hafnarfirði bauð 62,6 milljónir króna.

Verkið er tvískipt. Fyrsti verkhluti er lagfæring á Djúpegi, frá Hagakotsbökkum

innan Laugardalsár að Holtasundum og annar verkhluti er nýlagn vegar þaðan að slitlagsenda utan Ögurs. Verklök með neðra burðarlagi á öðrum verkhluta er 15. nóvember á þessu ári, en báðum verkhlutum skal lokið 31. júlí á næsta ári.



Ísafjörður

Tugum reiðhjóla stolið

Tugum reiðhjóla hefur verið stolið frá heimilum eigenda sinna undanfarna viku og hafa þau verið að finnast vítt og breitt um bæinn. Aðfaranótt síðastliðins laugardags var á þriðja tug reiðhjóla stolið og komust flest þeirra til skila um helgina.

Svo virðist sem reiðhjólunum sé einungis stolið til notkunar í stuttan tíma, til að komast á milli staða eftir skemmtun í veitingahúsum og heima- húsum. Mikið mun vera um að reiðhjól séu skilin eftir ólæst fyrir utan heimili eigenda og hafa því óþrúttnir vegfarendur greiðan aðgang að þeim.



Samkaup á Ísafirði.

Verðkönnun Neytendasamtakanna og verkalyðsfélaganna

Bylting hefur orðið í vöruverði á Ísafirði með tilkomu Samkaupa

Vöruverð á landsbyggðinni hefur farið lækkanði samkvæmt nýlegri verðkönnun sem gerð var á vegum Neytendasamtakanna og verkalyðsfélaganna á landsbyggðinni. Kannað var verð algengrar neysluvöru í 54 matvöruverslunum víða um land og reyndist Bónus í Reykjavík vera með lægsta vöruverðið en fast á eftir þeim fylgdu KEA/Nettó á Akureyri og Kasko í Reykjanesbæ. Í könnuninni kemur fram að með tilkomu Samkaupa á Ísafirði, hafi orðið byl-

ting í vöruverði á Ísafirði. Margar af dýrustu matvöruverslunum landsins eru þó að finna á Vestfjörðum m.a. í Súðavík, á Suðureyri og á Flateyri.

Vöruverð í Samkaup á Ísafirði var 23% herra en í Bónus í Reykjavík, í Vöruvali á Ísa-

firði var vöruverð 31% herra en í Bónus, 47% herra hjá Kaupfélagi Steingrímsfjarðar á Hólmavík, hjá Kaupfélagi Súðavíkur og Búðinni okkar á Suðureyri og 50% herra hjá Félagskaup á Flateyri, sem reyndist vera dýrasta matvöru-

verslun landsins, samkvæmt könnuninni. Vöruverðið í Samkaup á Ísafirði reyndist vera jafnhátt og í 10-11 í Engihjalla, Hagkaupum í Kringlunni og í Reykjanesbæ, og um 1% herra en hjá móðurversluninni, Samkaup í Reykjanesbæ.